



Bæjarstjórn Garðabæjar 17. (839)/2018

Boðað er til 17. (839). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 6. desember 2018 kl. 17:00 í Safnaðarheimilinu Kirkjuholi.

Dagskrá:

1. 1811027F - Fundargerð bæjarráðs frá 20/11 '18.
1707051 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2018 Viðaukar nr. 9 og 10.
2. 1811035F - Fundargerð bæjarráðs frá 27/11 '18.
1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag 2. áfanga austurhluta Urriðaholts.

1810120 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðarinnar að Ljósakri 6.
3. 1811051F - Fundargerð bæjarráðs frá 4/12 '18.
1709351 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir miðsvæði Álftaness.

1811131 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi Breiðumýrar á Álftanesi.

1811132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi Króks á Álftanesi.

1811133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi Helguvíkur á Álftanesi.

1811134 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju skipulagi Skógtjarnar á Álftanesi.

1811135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi Kumlamýrar á Álftanesi.
4. 1811036F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 28/11 '18.
5. 1811029F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 20/11 '18.
6. 1811042F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 30/11 '18.
7. 1811017F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 21/11 '18.
8. 1811025F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 20/11 '18.



9. 1810032F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 15/11 '18.
10. 1811009F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 16/11 '18.
11. 1801390 - Fundargerðir heilbrigðisnefndar frá 5/11 og 27/11 '18.
12. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 28/11 '18.
13. 1801146 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 16/11 '18.
14. 1801175 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 5/11 og 26/11 '18.
15. 1802055 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 9/11 '18.
16. 1806461 - Tillaga um breytingu á gjaldskrá 2019.
17. 1806461 - Tillaga um álagningu fasteignagjalda árið 2019.
18. 1806461 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2019 (2019-2022)

Gunnar Einarsson,
býarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
16. (838). fundur 2018

Fimmtudaginn 15. nóvember 2018 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, Áslaug Hulda Jónsdóttir Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Guðfinnur Sigurvinnsson, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 1. nóvember 2018 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1811003F - Fundargerð bæjarráðs frá 6/11 '18

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 25. tl., bréf Margrétar Bjarkar Svavarsdóttur um uppsögn á starfi. Sigríður Hulda þakkaði Margréti fyrir störf hennar sem sviðstjóri fræðslu- og menningarsviðs og óskaði henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Ingvar Arnarson, ræddi 14. tl., erindi Billboard um biðskýli og auglýsingaskilti.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 16. tl., bréf umhverfis- og auðlindaráðherra um umhverfisþing.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 14. tl., erindi Billboard um biðskýli og auglýsingaskilti.

Ingvar Arnarson, ræddi 16. tl., bréf umhverfis- og auðlindaráðherra um umhverfisþing, 14. tl. erindi Billboard um biðskýli og auglýsingaskilti og 15. tl., bréf UMFÁ varðandi stuðning við starfsemi blakdeildar.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 8. tl., tilkynningu frá Jöfnunarsjóði um drög að nýrri reglugerð um Jöfnunarsjóð.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Dýjagötu 15, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og fram komu athugasemdir. Breytingin skal send Skipulagsstofnun, auglýst í B- deild Stjórnartíðinda og tilkynning um niðurstöðu málsins send þeim aðila sem gerðu athugasemdir.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna reiðskemmu Sóta. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og bærust athugasemdir um hæð hússins og litaval. Tilkynna skal þeim sem gerðu athugasemdir um niðurstöðu málsins.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu fjölskylduráðs um framkvæmdaáætlun Garðabæjar á sviði barnaverndar kjörtímabilið 2018 -2022 samkvæmt 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Fundargerðin sem er 25 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 1811018F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/11 '18.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsstjóra um óverulega breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðanna við Urðargötu 1, 3 og 5. Grenndarkynning fellur niður þar sem breytingin varðar ekki aðra en umsækjanda og sveitarfélagið, sbr. 1. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsstjóra um óverulega breytingu á deiliskipulagi Hliðs vegna færslu á byggingarreit. Grenndarkynning fellur niður þar sem breytingin varðar ekki aðra en umsækjanda og sveitarfélagið sbr. 1. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá liggur fyrir jákvæð afstaða Umhverfisstofnunar

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsstjóra um óverulega breytingu á deiliskipulagi Kauptúns vegna lóðar fyrir dælustöð. Grenndarkynning fellur niður þar sem breytingin varðar ekki aðra en umsækjanda og sveitarfélagið sbr. 1. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Bæjarstjórn samþykkir greiðslu stofnframlags til Sorpu bs. að fjárhæð kr. 24.720.692.

Fundargerðin sem er 19 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 1810041F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 30/10 '18.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum foreldrum.

Almar Guðmundsson, ræddi 5. tl., frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum foreldrum, 4 tl., framkvæmdaáætlun Garðabæjar á sviði barnaverndar. Almar fjallaði einnig um húsnæðismál og sagði frá vinnu við gerð húsnæðisáætlunar.

Gunnar Einarsson, ræddi 5. tl., frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum foreldrum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 5. tl., frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum foreldrum

Fundargerðin er lögð fram.

4. 1811006F - Fundargerð leikskólanefndar frá 8/11 '18.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 1811012F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 9/11 '18.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands, 2. tl. húsnæðismál Bókasafns Garðabæjar, 3. tl., tónlistarveislu í skammdeginu og 5. tl. tillögu um stofnun sköpunarmiðstöðvar. Gunnar Valur sagði einnig frá tónleikum Maríu Magnúsdóttur, bæjarlistamanns í Kirkjuhvoli.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands og spurði um vinnu við söfnun og skráningu á myndum í eigu Garðabæjar.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands og svaraði fyrirspurn.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 1808020F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 23/8 '18.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1810050F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 1/11 '18.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl., endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegur og Vífilsstaðavegar.

Gunnar Einarsson ræddi 3. tl., endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegur og Vífilsstaðavegar.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 3. tl., endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegur og Vífilsstaðavegar og 2. tl., nýtt deiliskipulag fyrir Arnarnes.

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju 3. tl., endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegur og Vífilsstaðavegar

Fundargerðin er lögð fram.

8. 1811010F - Fundargerð ungmennaráðs frá 16/10 '18.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 24/10 '18.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., umræðu um stjórn Reykjanesfólkvangs og 3. tl., verkefni landvarðar.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl., verkefni landvarðar.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 3. tl., verkefni landvarðar.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi almennt um svæði Reykjanesfólkvangs.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 1801146 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 25/10 og 2/11 '18.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

11. 1804300 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um framkvæmdaleyfi fyrir sjóvarnir á Álftanesi.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi samkvæmt 13.gr. skipulagslaga nr.123/2010 fyrir sjóvörnum við Hliðsnes og Blikastíg.

12. 1612146 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Arnarnes.

Á fundi bæjarstjórnar 15.03. sl. var samþykkt tillaga skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Arnarnes. Tillagan var auglýst og bárust sex athugasemdir sem afstaða hefur verið tekin til og liggja fyrir svör við athugasemdum. Tillaga var tekin til meðferðar að nýju vegna ábendinga í bréfi Skipulagstofnunar, dags. 28. maí 2018. Tillögunni fylgja húsakönnun og umsögn Minjastofnunar. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

13. 1810363 - Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

14. 1806461 - Tillaga um álagningarhlutfall útsvars árið 2019.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir samhljóða að álagningarhlutfall útsvars verði 13,70% á tekjur manna á árinu 2019 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24. gr. laganna.

Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2018 samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

15. 1811128 - Tillögur Garðabæjarlistans við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Garðabæjar 2019 - 2022.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi bókun.

Þegar rýnt er í fjárhagsáætlun Garðabæjar sem lögð var fram við fyrri umræðu á bæjarstjórnarfundi 1. nóvember síðastliðinn kemur fátt á óvart. Gert er ráð fyrir að halda áfram að hækka álögur á fjölskyldufólk með áherslu á hækkun þvert á allar gjaldskrár bæjarins. Í framkvæmdaráætlun ber hæst, eins og vitað var, kostnaður vegna byggingar fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri sem mun nema um 600 milljónum á hverju ári næstu fjögur árin. Þetta er þó bara byrjunin, en í áætlun kostar byggingin a.m.k. 5 milljarða. Heilt yfir má segja að áætlunin gangi út á óbreyttar áherslur að mestu.

Meirihlutinn talar fyrir ábyrgri fjármálastefnu og má vissulega sjá áhrif hennar í áætluninni sem er vel. En um leið fer lítið fyrir félagslegri ábyrgð í framkvæmdaráætluninni, t.d. er engin áhersla á að styrkja veg þeirra sem minna hafa á milli handanna og barnmargra fjölskyldna. Ekki virðist gert ráð fyrir fjármagni til þess að bæta aðbúnað fatlaðra barna og ungmenna eða barna af erlendu bergi brotnu þegar kemur að frístund, íþrotta- og tómsundastarfi.

Garðabæjarlistinn fagnar áherslu meirihlutans á íbúalýðræðið. Verja á 50 milljónum á hverju ári út kjörtímabilið í að framfylgja óskum íbúa um framkvæmdir í sínu nærumhverfi. Gert er ráð fyrir því að íbúar kjósi um verkefni og að auðvelt verði fyrir alla að taka þátt. Þetta verkefni rímar vel við áherslur Garðabæjarlistans um aukið íbúalýðræði með áherslu á að auðvelda þátttöku allra.

Garðabæjarlistinn saknar ákveðinna áherslna á aukna velferð í framkvæmdaráætluninni og leggur því fram breytingartillögur við frumvarp að fjárhagsáætlun. Ekki síst þegar ljóst er að sveitarfélagið stendur afar vel og getur því lagt meira af mörkum þegar kemur að velferð og þjónustu henni tengdri.

Loks ber að nefna sérstakt áhyggjuefni í leikskólamálu, en það er staða faghlutfalls í leikskólum bæjarins. Garðabæjarlistinn mun leggja áherslu á að þeim aðgerðum sem þegar hafa verið settar af stað verði fylgt vel eftir. Lægsta faghlutfall á leikskóla í Garðabæ fer niður í 15% og hæsta faghlutfallið nær einungis 55% á leikskóla. Í lögum er gert ráð fyrir að lágmarki 75% faghlutfalli í hverjum leikskóla. Þar er Garðabæ langt undir og mikilvægt að grípa til aðgerða. Vinnuumhverfi leikskóla þarf að vera hvetjandi og eftirsóknarvert. Tillaga Garðabæjarlistans um styttingu vinnuvikunnar sem meirihlutinn felldi á haustmánuðum var viðleitni til þess að skapa slíkt umhverfi. Við hvetjum kjörna fulltrúa meirihlutans til þess að endurskoða afstöðu sína með faghlutfall á leikskólum í huga.

Það er einlæg von okkar sem stöndum að Garðabæjarlistanum að samtali okkar við meirihlutann um þessar áherslur leiði til góðs í þágu alls samfélagsins. Það þarf vissulega að tryggja stöðugan rekstur og leggja upp með ábyrgja fjármálastefnu en um leið þarf að gæta jafnvægis og treysta innviðina með því að fjárfesta í velferð fyrir alla. Velferð íbúa hvar sem þeir standa óháð lífsgæðum má aldrei stefna í hættu því þar liggur jú skylda hvers sveitarfélags að tryggja öryggi og festu fyrir íbúa ekki síður en öryggi og festu í rekstri.

Sara Dögg lagði fram eftirfarandi tillögur við frumvarp að fjárhagsáætlun.

„Garðabæjarlistinn leggur til að leikskólagjöld haldist óbreytt, þar sem gert er ráð fyrir varasjóði til að mæta launahækkunum sem eru framundan vegna lausra kjarasamninga. Aðrar gjaldskrár hækki um 2,9%, sem er í samræmi við nágrannasveitarfélögin sem fara öllu jafna ekki upp fyrir 2,9% hækkun eða standa í stað með sínar gjaldskrár.“

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir 4% hækkun á allar gjaldskrár. Þessi hækkun gerir það m.a. að verkum að há leikskólagjöld hækka enn frekar. Garðabæjarlistinn hafnar þessari hækkun þvert á allar gjaldskrár. Í ljósi ört vaxandi samfélags þar sem markvisst á að gera ráð fyrir ungu fólki og barnafjölskyldum í uppbyggingu nýrra hverfa þá skýtur skökku við að halda áfram að hækka álögur á barnafjölskyldur samhliða óbreyttri útsvarsprósentu sem mætti taka til hækkunar ef á þyrfti að halda frekar en að leggja álögur beint á fjölskyldufólk. Nágrannasveitarfélögin hafa heldur hærri útsvarsprósentu svo þau megi mæta samfélagslegum skyldum sínum enn frekar.

„Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu um hækkun hvatapeninga um 5000 kr. og um leið að þeir gildi fyrir börn frá 3ja ára aldri.

Enn fremur leggur Garðabæjarlistinn fram tillögu þess efnis að enn frekar verði stutt við lýðheilsu eldri borgara og að verkefnið Janus endurhæfing verði innleitt í bæjarfélaginu í beinni tengingu við sáttmálann um heilsueflandi samfélag.“

Greinargerð:

Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir fjármagni til frekari stuðnings við barnafjölskyldur í formi systkinaafsláttar. Hvatapeningar fyrir börn og ungmenni 5-18 ára haldast óbreyttir í 50.0000 kr. á barn þrátt fyrir skýrt ákvæði í framkvæmdaráætlun fjölskylduráðs um að tryggja eigi að öll börn fái notið þess að stunda íþróttir og tómstundir við hæfi óháð efnahag.

TUFF verkefnið sem þegar hefur verið kynnt fyrir fyrri bæjarstjórn mætti skoða til hliðsjónar sem fyrirmynd af framkvæmd heildstæðrar áætlunar um jöfn tækifæri allra barna og ungmenna að íþrótt- og tómstundaiðkun.

„Garðabæjarlistinn leggur til að farið verði af stað með þróunarverkefni til fjögurra ára sem síðan verði endurmetið. Fimm milljónir verði eyrnamerkta stuðningi við fötluð börn og börn af erlendum uppruna á ári. Innan þess kostnaðar er annars vegar rekstur frístundaheimilis fyrir fatlaða í samvinnu við önnur frístundaheimili og niðurgreiðsla fyrir börn af erlendum uppruna til frístundabátttöku og íþrótt- og tómstundabátttöku.“

Greinargerð:

Garðabæjarlistinn leggur fram frekari tillögu um bætta þjónustu við börn og ungmenni. Annars vegar börn af erlendum uppruna, þar sem m.a. tryggt verður að íþróttir og tómstundir bjóðist þessum börnum sem hluti af aðlögun í samfélagið. Hins vegar fötluð börn, þar sem íþrótt- og tómstundastarf fatlaðra barna og ungmenna frá 10 ára aldri verður tryggt innan sveitarfélagsins enda lögbundin þjónusta hvers sveitarfélags samkvæmt nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk

„Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að ferðapjónusta fatlaðra verði endurskoðuð með öryggi en síður skilvirkni að leiðarljósi. Þjónustan verði færð nær notendum og geti mögulega orðið skjótari með minni bið og meiri sveigjanleika. Að komast frjáls ferða sinna á milli staða eru mikil lífsgæði sem okkur ber að tryggja öllum. Garðabæjarlistinn leggur til að hugsað verði til lengri tíma um vaxandi þátt fólksbílþjónustu þar sem tækifæri gefst til þess að komast á milli staða án fyrirvara. Fatlað fólk hefur mjög ólíkar þarfir. Einhverjir búa við þau lífsgæði að geta tekið ákvarðanir án mikils fyrirvara á meðan aðrir fatlaðir einstaklingar búa ekki yfir þeim lífsgæðum og því þarf að byggja upp ferðapjónustu fatlaðra með hliðsjón af ólíkum þörfum notenda.“

Greinargerð:

Í Garðabæ eru skráðir 57 fatlaðir einstaklingar sem eiga rétt á að nýta sér ferðapjónustu fatlaðra. Umfangið er þess vegna þess eðlis að auðvelt ætti að vera að halda utan um og bæta þjónustu við þennan hóp

„Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að Garðabær setji fram áætlun um kaup á félagslegu húsnæði við alla uppbyggingaraðila. Garðabær hafi forgang um kaup á 4,5% af öllum íbúðum. Samstarfi við Brynju hússjóð og Bjarg sömuleiðis verði tryggt. Samhliða þessu leggur Garðabæjarlistinn fram að sett verði inn í stefnuna að eignahlutfall bæjarfélagsins í hverju fjölbýlishúsi sé ekki meira en 10-15% þannig skapast fjölbreytilegt samfélag og jafnvægi.“

Greinargerð:

Garðabæjarlistinn fagnar áformum um uppbyggingu á Lyngásvæðinu þar sem húsnæði fyrir ungt fólk verður í forgrunni með áherslu á hagkvæmar lausnir þegar kemur að híbýlum. Einnig fagnar Garðabæjarlistinn þeirri vinnu sem nú er í gangi er varðar heildstæða húsnæðisstefnu fyrir bæjarfélagið, sem er í takti við fyrri tillögu Garðabæjarlistans þess efnis. Þar vill Garðabæjarlistinn leggja sínar áherslur á vogaskálarnar og leggur fram tillögu inn í vinnu húsnæðisstefnu Garðabæjar þess efnis að hlutfall félagslegra íbúða í bæjarfélaginu verði markvisst fært til betri vegar. Einstaklingar sem þurfa á félagslegu húsnæði að halda eiga að hafa alvöru val um að geta búið í Garðabæ. Garðabæjarlistinn leggur áherslu á að allir geti valið að búa í Garðabæ óháð efnahag. Aldrei megi stilla fram stefnu sem markvisst fæli einn hóp fólks frá búsetu frekar en annan. Markmið tillögunnar er ekki síst að ýta undir virkari leigumarkað í sveitarfélaginu, byggingu minni og ódýrari íbúða og tryggja skilvirk félagsleg úrræði fyrir þá sem þurfa að sækja slíka þjónustu til sveitarfélagsins.

Sigurður Guðmundsson, ræddi framkomnar tillögur.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju framkomnar tillögur.

Almar Guðmundsson, ræddi framkomnar tillögur.

Ingvar Arnarson, ræddi framkomnar tillögur.

Sigurður Guðmundsson, ræddi að nýju framkomnar tillögur.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi framkomnar tillögur.

Gunnar Einarsson, ræddi framkomnar tillögur.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi framkomnar tillögur

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi framkomnar tillögur og lagði til að vísa þeim til frekari umræðu í bæjarráði.

Guðfinnur Sigurvínsson, ræddi framkomnar tillögur.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju framkomnar tillögur.

Gunnar Einarsson, ræddi að nýju framkomnar tillögur.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi framkomnar tillögur.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju framkomnar tillögur.

Sigurður Guðmundsson, ræddi að nýju framkomnar tillögur.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju framkomnar tillögur.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju framkomnar tillögur.

Að lokinni umræðu samþykkti bæjarstjórn að vísa framkomnum tillögum til bæjarráðs.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 15. nóvember 2018 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Guðfinnur sigurvinsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
42. (1857). fundur 2018

Þriðjudaginn 20. nóvember 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Sigurður Guðmundsson aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir varamaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri, Hulda Hauksdóttir upplýsinga- og menningarfulltrúi og Katrín Friðriksdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1805129 - Sameiginleg ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk - kynning.

Á fund bæjarráðs mætti Reynir Kristinsson, ráðgjafi frá Nor ehf. og gerði grein fyrir tillögum um fyrirkomulag samstarfs sveitarfélaganna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Bæjarráð samþykkir að taka þátt í vinnu við undirbúning útboðs á áframhaldandi sameignlegri ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Gunnar Valur Gíslason og Björg Fenger, bæjarfulltrúar sátu fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir dagskrárliðum 1 - 3.

2. 1707051 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2018 Viðaukar nr. 9 og 10.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri gerði grein fyrir viðauka nr. 9 og viðauka nr. 10 við fjárhagsáætlun 2018. Um er að ræða breytingar vegna kostnaðar við sorphreinsun og stofnframlag Sorpu bs. vegna gasgerðarstöðvar samkvæmt viðauka nr. 9 og breytingar á bókhaldsliðum barnaverndar samkvæmt viðauka 10.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 9 og nr. 10 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2018, samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki nr. 9.

Sorphreinsun kr. 15.000.0000 08-210-4943

Gasgerðarstöð kr. 24.700.0000 08-210-9911

Kostnaðarauka skal mætt með lækkun á varasjóði um 32.500.000 og lækkunar á handbæru fé um 7.200.000.

Varasjóður kr. 32.500.000 31-916-7179

Lækkun á handbæru fé kr. -7.200.000

Viðauki nr. 10.

Barnaverndarnefnd kr. 30.654.855 kr. 9.000.000 02-310

Fóstrun barna utan heimilis kr. 4.200.000 02-330

Úrræði á heimili vegna barna kr. 15.654.855 02-340

Annað vegna barnaverndar kr. 1.600.000 02-350

Persónuleg ráðgjöf og tilsjón kr. 200.000 02-370

3. **1811129 - Ársreikningur Garðabæjar 2018 - kynning í upphafi endurskoðunar.**
Lögð fram kynning endurskoðenda varðandi áherslur við endurskoðun á ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2018.

Stefnt er að því að ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2018 verði tekinn fyrir við fyrri umræðu í bæjarstjórn 21. mars 2019.

4. **1811128 - Tillögur Garðabæjarlistans við frumvarp að fjárhagsáætlun.**
Lagðar fram tillögur Garðabæjarlistans frá fundi bæjarstjórnar 15. nóvember sl.

Tillaga um óbreytta gjaldskrá leikskóla og 2,9% hækkun annarra gjalda.

Tillaga um hækkun hvatapeninga að fjárhæð kr. 5.000.

Tillaga um að verja kr. 5.000.000 í verkefni til stuðnings fötluðum börnum og börnum af erlendum uppruna.

Tillaga um endurskoðun á ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Tillaga um gerð áætlunar um kaup á félagslegu húsnæði af uppbyggingaraðilum.

Bæjarráð vísar tillögunum til meðferðar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

5. **1806461 - Frumvarp að fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022)**

Bæjarráð vísar eftirfarandi gjaldskrá til meðferðar og afgreiðslu við samþykkt fjárhagsáætlunar.

Gjaldskrá fyrir fráveitugjald.

Gjaldskrá fyrir vatnsgjald

Gjaldskrá um sorphirðu.

Gjaldskrá um hreinsun taðþróa.

Gjaldskrá leikskóla

Gjaldskrá tómstundaheimila

Gjaldskrá sundlauga.

6. **1810172 - Bréf Hjallastefnunnar um tilfærslu á starfsdögum leikskóla, dags. 14.11.18.**

Bæjarráð ítrekar bókun frá 30. október sl. um mikilvægi þess að fylgja leiðararljósi í skólafestnu Garðabæjar þar sem lögð er áhersla á sameiginlega starfsdaga í leik- og grunnskólum til að veita foreldrum og börnum sem bestu þjónustu. Bæjarráð samþykkir að hafna erindi Hjallastefnunnar um tilfærslu á starfsdögum sem samræmast ekki skóladagatali leik- og grunnskóla Garðabæjar en getur fallist á að Hjallastefnunni sé heimilt að hafa starfsdag tengdan hauststefnu Hjallastefnunnar þar sem saman koma allir starfsmenn Hjallastefnunnar á sameiginlega ráðstefnu.

7. **1807130 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Bólstað.**

Bæjarráð vísar til bókunar á fundi 30. október sl. og mælir með að leyfið verði veitt tímabundið til tveggja ára en setur það ekki sem skilyrði fyrir afgreiðslu á umsókn um gistileyfi.

8. **1808083 - Umsagnarbeiðni vegna kröfu um afturköllun á rekstrarleyfi. veitingastaðar að Garðatorgi 4.**

Fyrir liggur ný hljóðmæling sem framkvæmd var 18. október 2018 til að ákvarða loft- og högghljóðeinangrun á milli Mathúss Garðabæjar að Garðatorgi 4b og aðlægra íbúða á hæðinni ofan við veitingastaðinn; þ.e. íbúða 207 og 208.

Niðurstöður hljóðmælingar eru að bæði mæld högg- og lofthljóðeinangrun er innan tilskilinna marka hljóðstaðals ÍST 45:2011 frá eldhúsi og upp í aðliggjandi íbúðir. Það sama á einnig við hvað varðar ákvæði nýs hljóðstaðals ÍST 45:2016 sem er samhljóða þeim eldri í þessu efni.

Með vísan til niðurstaðna hljóðmælinga getur bæjarráð ekki séð að fyrir hendi séu ástæður til að mæla með afturköllun rekstrarleyfis Mathúss Garðabæjar.

9. 1811157 - Bréf UMF Stjörnunnar um Þorrablót 2019, dags. 14.11.18.

Í bréfinu er farið fram á leyfi til að halda þorrablót Stjörnunnar í íþróttamiðstöðinni Mýrinni. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.

10. 1811161 - Tilkynning frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, dags. 13.11.18.

Lögð fram.

11. 1811177 - Tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn, dags. 15.11.18.

Lögð fram.

12. 1811181 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararétt), 45. mál., dags. 15.11.18.

Lagt fram.

13. 1811182 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og málefnum aldraðra (búseturéttur aldraðra, öryggisíbúðir), 40. mál., dags. 15.11.18.

Lagt fram.

14. 1811122 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um verklagsreglur vegna viðauka við fjárhagsáætlun, dags. 07.11.18.

Lagt fram.

15. 1702065 - Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Garðabæjar gegn íslenska ríkinu, dags. 15.11.18.

Bæjarráð felur bæjarstjóra í samráði við lögmennt bæjarins að taka ákvörðun um hvort dómnum verði áfrýjað.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 20. nóvember 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
43. (1858). fundur 2018

Þriðjudaginn 27. nóvember 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, varamaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bærarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bærarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806461 - Frumvarp að fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022).

Lagðar fram ábendingar sem borist hafa frá íbúum flokkaðar eftir málefnum.

Bærarstjóri sagði frá vinnu sviðsstjóra við gerð tillagna um hagræðingu í rekstri en stefnt er að lækkun útgjalda í A-hluta sem nemur 50,0 mkr.

2. 1811236 - Bréf Verkiðnar um styrk vegna framhaldsskólakynningar í tengslum við Íslandsmót iðn- og verkgreina, dags. 20.11.18.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindi um greiðslu kostnaðar við rútuferðir nemenda og felur bærarstjóra afgreiðslu málsins.

3. 1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag 2. áfanga austurhluta Urriðaholts.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bærarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila Urriðaholti, sem landeiganda, að láta vinna á sinn kostnað, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 deiliskipulag fyrir 2. áfanga austurhluta Urriðaholts.

4. 1806403 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns vegna lóðarinnar að Miðhrauni 24.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. ml. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns vegna lóðarinnar við Miðhraun 24 verði send til meðferðar Skipulagsstofnunar enda voru ekki gerðar neinar athugasemdir við tillöguna í athugasemdafresti auglýsingar.

5. 1810120 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðarinnar að Ljósakri 6.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bærarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um breytingar á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðarinnar við Ljósakur 6 enda liggur fyrir að breytingin hefur grendaráhrif og fyrir liggur neikvæð afstaða íbúa við Hjálmakur.

6. 1810393 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Lögð fram.

7. **1810394 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar - Hamranes.**
Lögð fram.

8. **1811004 - Afgreiðsla íþrótta- og tómstundaráðs varðandi umsókn UMF Álftaness um styrk fyrir starfsemi blakdeildar.**
Bæjarráð samþykkir tillögu íþrótta- og tómstundaráðs um að veita UMF-Álftaness styrk að fjárhæð kr. 1.000.000 til að efla starfsemi blakdeildar félagsins.

9. **1811259 - Umsagnarbeiðni um tímabundið áfengisleyfi á þorrablóti Stjórnunnar.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

10. **1804130 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi beiðni um umsögn um tilkynningu um hvort framkvæmdir við fjölnota íþróttahús kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum, dags. 19.11.18.**
Bæjarstjóri kynnti drög að umsögn þar sem niðurstaðan er að framkvæmd við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri hafi ekki í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti drög að umsögn og felur bæjarstjóra afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 27. nóvember 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
44. (1859). fundur 2018

Þriðjudaginn 4. desember 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, varamaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806461 - Frumvarp að fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022)

Lögð fram tillaga um álagningu fasteignagjalda á árinu 2019 ásamt yfirliti um breytingar á öðrum gjaldskrá.

Lögð fram tillaga um breytingar á einstaka liðum við A og B - hluta frumvarps að fjárhagsáætlun ásamt breytingu á tillögu að framkvæmdayfirliti.

Bæjarráð samþykkir að vísa frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2019-2022 ásamt tillögum að breytingum og tillögu um álagningu gjalda til síðari umræðu í bæjarstjórn fimmtudaginn 6. desember nk.

2. 1710169 - Bréf RÓ ehf. ásamt skýrslu um mat á áhrifum fjárfestingar í fjölnota íþróttahúsi, dags. 29.11.18.

Lögð fram skýrsla Jón Arnar Baldurssonar, löggilts endurskoðanda um mat á áhrifum fjárfestingar í fjölnota íþróttahúsi á fjárhags sveitarfélagsins, sbr. 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Niðurstaða matsins er að Garðabær geti ráðist í fjárfestingu í fjölnota íþróttahúsi að fjárhæð 4.850 mkr. án þess að hún hafi veruleg neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu og rekstur bæjarins.

Ingvar Arnarson, lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn telur mikilvægt að Garðabær fari vel yfir alla þætti sem tengjast framkvæmdum og fjárfestingu við fjölnota knatthúsi. Í skýrslu RÓ er talað um lóðarsölu og að sú sala eigi að standa undir stórum hluta fjárfestingarinnar. Hvergi er hægt að sjá hvaða lóðir um ræðir eða hvenær þessar lóðir eigi að fara í sölu. Til að hægt sé að taka mark á skýrslu sem þessari þurfa allar breytur að vera til staðar. Við í Garðabæjarlistanum teljum því að það ríki veruleg óvissa um hvaða áhrif þessi framkvæmd muni hafa á fjárhag Garðabæjar og óskum eftir því að fá að sjá áætlun um fyrirhugaða lóðarsölu.“

3. 1811274 - Bæjargarður - Umsókn um byggingarleyfi - Ljósamöstur

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita tækni- og umhverfissviði leyfi til uppsetningar á ljósamöstrum við gervigrasvöll í Bæjargarði.

4. 1807103 - Holtsbúð 45 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Benedikt Arasyni, kt. 040479-5899 leyfi til að endurbæta og breyta núverandi einbýlishúsi við Holtsbúð 45.

5. **1709351 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir miðsvæði Álftaness.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um rammaskipulag fyrir miðsvæði Álftanes þar sem verða fimm deiliskipulagsáfangar, sbr. tölulið 6 - 9 í fundargerð.
6. **1811131 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi Breiðumýrar á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi Breiðumýrar á Álftanesi. Í tillögunni er gert ráð fyrir 270 íbúðum í 9 fjölbýlishúsakjörnum.
7. **1811132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi Króks á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi Króks á Álftanesi. Í tillögunni er gert ráð fyrir 54 íbúðum í raðhúsum.
8. **1811133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi Helguvíkur á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi Helguvíkur á Álftanesi. Í tillögunni er gert ráð fyrir 23 einbýlishúsum.
9. **1811134 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju skipulagi Skógtjarnar á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi Skógtjarnar á Álftanesi. Í tillögunni er gert ráð fyrir að núverandi byggð við Búðarflöt, Lambhaga, Höfðabraut, Miðskóga, Brekkuskóga, Ásbrekku, Bæjarbrekku, Kirkjubrekku og Tjarnarbrekku verði hluti skipulagssvæðisins ásamt nýjum sérbýlishúsum sunnan við Bæjarbrekku.
10. **1811135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi Kumlamýri á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi Kumlamýrar á Álftanesi. Í tillögunni er gert ráð fyrir 40 íbúðum í parhúsum.
11. **1811308 - Bréf þorralótsnefndar Lionsklúbbs Álftaness varðandi þorralót í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi, dags. 27.11.18.**
Í bréfinu er farið fram á leyfi til að halda þorralót Kvenfélags og Lionsklúbbs Álftaness í Íþróttamiðstöðinni á Álftanesi laugardaginn 9. febrúar 2019. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.

12. 1811315 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur (réttur námsmanna og fatlaðs fólks), 140. mál., dags. 27.11.18.
Lagt fram.

13. 1812019 - Ráðning í starf forstöðumanns fræðslu- og menningarviðs
Bæjarstjóri lagði fram lista yfir umsækjendur um starf forstöðumanns fræðslu- og menningarviðs en alls er fjöldi umsækjenda 15.

Katrín Friðriksdóttir, vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 4. desember 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar
12. fundur 2018

Miðvikudaginn 28. nóvember 2018 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Kristinn Guðlaugsson varamaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjalbsdóttir aðalmaður og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir Yfirfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1810166 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1810166 umsókn um fjárhagsaðstoð. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 1810388 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1810388 umsókn um fjárhagsaðstoð. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

3. 1808175 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1808175 umsókn um fjárhagsaðstoð. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

4. 1802118 - Barnaverndarmál

Tekið er fyrir mál nr. 1802118, barnaverndarmál. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

5. 1802114 - Barnaverndarmál

Tekið er fyrir mál nr. 1802114, barnaverndarmál. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

6. 1810050 - Gráu svæðin í velferðarþjónustu

Tekið er fyrir mál nr. 1810050, skýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga um Gráu svæðin í velferðarþjónustunni. Í stefnumörkun Sambandsins fyrir tímabilið 2014-2018 var samþykkt að Sambandið skyldi vinna markvisst að því að fækka gráum svæðum þar sem ábyrgðarskil ríkis og sveitarfélaga eru ekki nægjanlega ljós á sviði skóla- og velferðarmála. Skýrslan er yfirlit yfir þessi gráu svæði. Skýrslan er lögð fram til kynningar.

7. 1810355 - Niðurstöður rannsóknar á þjónustu við aldraða

Tekið er fyrir mál nr. 1810355, niðurstaða rannsóknar á þjónustu við aldraða sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Velferðarráðuneytið. Markmið rannsóknarinnar var að kortleggja þá þjónustu við aldraða á Íslandi, aðra en þá sem veitt er á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Niðurstöðurnar eru lagðar fram til kynningar.

8. 1804262 - Könnun á stöðu leiguíbúða hjá sveitarfélögum 31. desember 2017

Tekið er fyrir mál nr. 180462 Könnun Varasjóðs húsnæðismála á stöðu leiguíbúða hjá sveitarfélögum fyrir árið 2017.

Skýrslan er lögð fram og rædd. Formaður lagði fram minnisblað um stöðu félagslegs leiguhúsnæðis í Garðabæ.

Guðfinna lagði fram eftirfarandi bókun:

"Garðabæjarlistinn leggur fram þá tillögu að Garðabær leggi fram tillögu þess efnis að Garðabær setji fram áætlun um kaup á félagslegu húsnæði við alla uppbyggingaraðila. Garðabær hafi forgang um kaup á 4.5% af öllum íbúðum. Samstarf við Brynju hússjóð og Bjarg sömuleiðis verði tryggt. Samhliða þessu leggur Garðabæjarlistinn fram að sett verði inn í stefnuna að eignahlutfall bæjarfélagsins í hverju fjölbýlishúsi sé ekki meira en 10-15%. Þannig skapast fjölbreytilegt samfélag og jafnvægi".

9. 1707104 - Húsnæðisáætlun - Garðabær

Tekið er fyrir mál nr. 1707104, húsnæðisáætlun Garðabæjar. Fjölskylduráð fjallar um málið og mun vinna það áfram. Stefnt er að afgreiðslu málsins á næsta fundi ráðsins.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar 4. fundur 2018

Þriðjudaginn 20. nóvember 2018 kl. 17:00 kom íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í íþróttamiðstöðinni Ásgarði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Kári Jónsson íþróttafulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1804250 - Samningar við félög til undirritunar 2018

Jóhanna Aradóttir félagsforingi, Aðalbjörg Elín Halldórsdóttir gjaldkeri og Arnór Bjarki Svarfdal mættu á fundinn og kynntu starf skátafélagsins Svana. Skátafélagið gerði grein fyrir þeirri hugmynd sinni að halda þrettándabrennu í stað áramótabrennu. Einnig óskaði félagið eftir að fyrirkomulag 17. júní hátíðarhaldanna sem og verkaskipting milli skátafélaganna við undirbúning og framkvæmd yrði gerð skýrari. Svanir óska eftir að undirritun samstarfssamnings vegna ársins 2018 verði kláruð en vilja ræða hækkun vegna ársins 2019.

ÍTG gerir ekki athugasemdir við að haldin verði þrettándabrenna á Álftanesi og mun í vor ræða við bæði skátafélögin um skipulag og framkvæmd 17. júní hátíðarhaldanna.

2. 1811028 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Hekla Mist Valgeirsdóttir kt. 2408992649 vegna EM í hóp fimleikum í Portugal 15-21. október 2018. ÍTG samþykkir styrk að upphæð kr. 20.000,-

3. 1810207 - Dagbjört Bjarnadóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Dagbjört Bjarnadóttir kt. 2009022380 vegna EM stúlknaðiða í Portugal 15. til 21. október 2018. ÍTG samþykkir styrk að upphæð kr. 20.000,-

4. 1811158 - Íþróttahátíð Garðabæjar 6. jan 2019

Íþróttahátíð Garðabæjar verður haldin 6. janúar 2019 í anddyri Ásgarðs og í fimleikasalnum líkt og undanfarin ár.

Á hátíðinni verður kjöri á íþróttafólki Garðabæjar lýst. Einnig verða veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í íþróttum og landsliðspáttöku, þjálfarar ársins valdir og viðurkenningar fyrir störf að félagsmálum veitt.

Auglýst hefur verið eftir tilnefningum og skulu þær berast fyrir 5. desember nk.

5. 1808414 - Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi

ÍTG bauð þjálfurum og forsvarsmönnum félaga í Garðabæ upp á fyrirlestur með Birtu Björnsdóttur um kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunun í íþróttá-, og félagsstarfi.

Í tillögum að aðgerðum sem starfshópur á vegum mennta- og menningarráðuneytisins gaf út í júní 2018 "gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi" kemur m.a.

fram að sveitarfélögin skuli stuðla að fræðslu þjálfara, starfsfólks og annarra sem koma að daglegu starfi félaganna um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi og hvernig bregðast eigi við því.

Boðið var upp á fimm tímasetningar fyrir þjálfara og forsvarsmenn félaga til að velja úr en fundirnir voru haldnir á tímabilinu 7. til 19. nóvember sl.

6. 1804130 - Hnoðraholt og Vetrarmýri, dsk br v. fjölnota íþróttahúss

ÍTG fagnar byggingu nýs fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri og gerir ekki athugasemd við auglýsta dsk br.

7. 1811205 - Forvarnarmál í Garðabæ

Gunnar Richardson rakti sögu forvarnarstarfs á vegum forvarnarnefndar Garðabæjar.

8. 1811004 - Blak á Álftanesi

ÍTG samþykkir að mæla með því að styrkja UMFÁ sérstaklega um eina milljón kr. við að stofna meistaraflokka í blaki á efsta getustigi. Styrkurinn komi til greiðslu á árinu 2018.

9. 1811246 - Höfuðáverkar í íþróttum - fræðslumál og forvarnir

Umræður voru um hvort ÍTG ætti að boða til fræðslufundar um höfuðmeiðsli í íþróttum. Slík meiðsli hafa verið mikið í umræðunni undanfarið enda gerir fólk sér sífellt betur grein fyrir þeim alvarlegum afleiðingum sem heilahristingur getur valdið. Íþróttafulltrúa var falið að kanna málið nánar.

10. 1804101 - TUFF námskeið fyrir börn

Umræður um Tuff verkefnið og hvernig best væri að nálgast börn af erlendum uppruna til að kynna fyrir þeim og fjölskyldum þeirra hvaða íþróttir og tómstundir séu í boði í bænum sem og að upplýsa um hvatapeninga og frístundabíl. Ákveðið að vinna áfram að málinu með aðstoð fræðslusviðs Garðabæjar.

11. 1811020 - Kynjafræðsla fyrir starfsmenn grunnskóla

Fræðslusviðið hefur fengið Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur kynjafræðing til að halda kynjafræðslu í starfsmannahópum allra grunnskóla bæjarins. Ákveðið að formaður ÍTG og íþróttafulltrúi myndu mæta á slíka fræðslu til að meta hvort bjóða ætti upp á svipað fyrirkomulag fyrir íþrótt- og tómstundafélögin. Þess skal þó getið að félagsmiðstöðvarnar munu vera boðaðar í kynjafræðsluna með starfsmannahóp skólanna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

6. fundur 2018

Föstudaginn 30. nóvember 2018 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1710153 - Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands

Farið var yfir undirbúning vegna ljósmyndasýningar sem menningar- og safnanefnd og Bókasafn Garðabæjar standa að í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Auglýst hefur verið eftir ljósmyndum bæjarbúa og annarra í Garðapóstinum, á vef Garðabæjar og bókasafnsins og fésbókarsíðum. Stefnt er að því að opna sýningu á myndum á 50 ára afmæli Bókasafns Garðabæjar 18. desember nk. Ef fjöldi innsendra mynda verður ekki nægjanlegur var rætt um möguleika á því að framlengja innsendingarfrest og hafa sýningu á Safnanótt í byrjun febrúar.

2. 1808275 - Aðventudagskrá í desember

Farið var yfir helstu menningarviðburði á aðventunni í Garðabæ sem eru haldnir á vegum bæjarins sem og annarra. Laugardaginn 1. desember verður jóladagskrá á Garðatorgi þegar ljósir verða tendruð á vinabæjarjólalátrénu. Sama dag verður hinn árlegi jóla- og góðgerðardagur á Álftanesi á vegum foreldrafélags Álftanesskóla í samvinnu við bæinn og önnur félög. Sunnudaginn 2. desember verður opið hús í burstabænum Króki á Garðaholti. Bókasafn Garðabæjar verður með árlegt jóllaleikrit 1. desember, jólaupplestur fyrir börn 15. desember og afmælishátíð 18. desember. Fjölmargir tónleikar eru framundan þar má nefna jólatónleika Kvennakórs Garðabæjar 4. desember, jólatónleika kórs Vídalínskirkju 5. desember, aðventu- og styrktartónleika 7. desember á vegum þýska sendiráðsins, jólatónleika Gospelkórs Jóns Vídalíns 16. desember, kertaljósatónleika kammerhópsins Camerartica 21. desember og Þorláksmessu tónleika Jóhönnu Guðrúnar 23. desember. Á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar verða fjölmargir jólatónleikar í skólanum og víðar. Upplýsingar um menningarviðburði á aðventunni eru að finna í viðburðadagatalinu á vef Garðabæjar auk þess sem vakin var athygli á viðburðum framundan í frétt í Garðapóstinum.

3. 1808275 - Verkefni menningar- og safnanefndar 2018-2019

Farið var yfir helstu menningarviðburði í tímaröð á næsta ári, bæði viðburði á vegum nefndarinnar sem og annarra. Þar má nefna Þriðjudagsklassík, Safnanótt og Sundlauganótt, Jazzhátíð Garðabæjar, menningaruppskeruhátíð, Jónsmessugleði o.fl. Umræður voru um einstaka viðburði/verkefni. Uppfært skjal með viðburðunum verður sent til nefndarmanna.

4. 1811306 - Umsókn um styrk úr Fornminjasjóði 2019

Greint var frá auglýsingu um umsóknir úr Fornminjasjóði, frestur til að skila inn umsókn er til 10. janúar 2019. Skoðað verður hvort hægt sé að senda inn umsókn í tengslum við fyrirhugaða verkefnavinnu við endurskoðun á miðlun á fornminjunum við Hofstaði. Upplýsingastjóra var

falið að vinna málið áfram.

5. 1809228 - Tillaga um stofnun Sköpunarmiðstöðvar (Menningarhús)

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi.

Upplýsingastjóri greindi frá viðræðum við formann myndlistarfélagsins Grósku um starfsemi félagsins og hvernig félagið gæti höfðað til ungs fólks. Gróska hefur átt í samstarfi við Skapandi sumarstarf á undanförunum árum í tengslum við undirbúning hinnar árlegu Jónsmessugleði. Áhugi er fyrir því að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi félagsins og skoða þarf hvaða leiðir eru færar til þess.

Einnig var greint frá starfsemi Klifsins og viðræðum við stjórnarformann og stofnanda þess. Klifið hefur m.a. sinnt fjölbreyttu námskeiðahaldi á sviði sköpunar og menningar fyrir börn og fullorðna yfir vetrartímann en einnig boðið upp á sumarnámskeið. Einnig hefur Klifið komið að ýmsum öðrum verkefnum í samstarfi við bæinn samkvæmt samstarfssamningi.

Umræður voru um starfsemi félaganna í tengslum við hugmyndir um starfsemi sem gæti rúmast innan sköpunarmiðstöðvar/menningarhúss. Upplýsingar um þetta verða teknar saman og sendar til nefndarmanna.

Formaður greindi frá áformum um að setja af stað næsta vor áframhaldandi vinnu varðandi fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ. Þar mun umræða um sprotastarfsemi á sviði menningar og nýsköpunar til framtíðar halda áfram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
14. fundur 2018

Miðvikudaginn 21. nóvember 2018 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1811125 - Urriðaholt, Austurhluti 2

Framkvæmdastjóri Urriðaholts Jón Pálmi Guðmundsson og Hrafnhildur Brynjólfsdóttir skipulagsráðgjafi hjá Alta ehf kynntu drög að deiliskipulagi 2.áfanga Austurhluta Urriðaholts.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita Urriðaholti heimild til þess að vinna deiliskipulag 2.áfanga Austurhluta Urriðaholts sbr. 2.mgr.38.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

2. 1811180 - Hraungata og Kinnargata. Breyting v framlengingar.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem gerir ráð fyrir því snúningshausar Hraungötu og Kinnargötu við suðurmörk deiliskipulagssvæðisins verði felldir út og að göturnar tengist götum með sama heiti í deiliskipulagi Austurhluta. Skipulagsnefnd lítur svo á að deiliskipulagsbreyting þessi hafi verið auglýst og samþykkt með deiliskipulagi Austurhluta og að í deiliskipulagi Vesturhluta kemur fram í kafla 4.2.1.1. deiliskipulagsgreingargerðar sé gert ráð fyrir breytingunni þegar að deiliskipulagningu Suðurhlutans (Austurhlutans) komi. Birta skal auglýsingu um gildistöku þeirrar breytingar í B-deild Stjórnartíðinda um leið og deiliskipulag Austurhluta.

3. 1504148 - Lundahverfi - nýtt deiliskipulag.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Lundahverfis að lokinni auglýsingu. Lagt fram eitt erindi með atuhgasemd.

Skipulagsnefnd lítur á innihald "athugasemdar" sem réttmætar ábendingar sem hafi verið leiðréttar og útskýrðar.

Lögð fram Húsakönnun Lundahverfis en niðurstöður hennar kalla ekki á sérstök ákvæði í deiliskipulagi. Fornleifa innan deiliskipulagssvæðisins er einungis getið á einum stað í Fornleifaskráningu Garðabæjar og eru þær minjar horfnar.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulag Lundahverfis í samræmi við

3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 með þeim leiðréttingum sem gerðar voru í kjölfar ofangreindra ábendinga og felur tækni og umhverfissviði að undirbúa staðfestingu

deiliskipulagsins.

4. 1709351 - Álftanes-Miðsvæði. Deiliskipulag

Þórhallur Sigurrðsson kynnti tillögur að deiliskipulagi Miðsvæðis á Álftanesi sem hefur verið skift upp í 5 deiliskipulagsáætlanir: 1. Breiðamýri, 2 Krókur, 3 Helguvík, 4 Skógtjörn og 6 Kumlamýri. Þær áætlanir gera ráð fyrir allt að 374 íbúðareiningum í fjölbýli, raðhúsum, parhúsum og einbýlishúsum.

Skipulagsnefnd samþykkir heildarskipulagið sem rammaskipulag svæðisins alls. Að öðru leyti vísast til ofangreindra skipulagsáætlana.

5. 1811131 - Skipulag - Breiðamýri Álftanesi, deiliskipulag.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Breiðumýrar sem afmarkast af Norðurnesvegi, Suðurnesvegi, Breiðumýri, skólalóðum og byggð við Suðurtún og Skólátún.

Gert er ráð fyrir allt að 270 íbúðum í 9 fjölbýliskjörnum. Heiti gatna samkvæmt tillögu Hestamýri, Grásteinsmýri og Lambamýri.

Tillagan hefur tekið nokkrum breytingum frá forkynntir tillögu og hefur verið tekið tillit til ábendinga sem borist hafa eftir því sem unnt var.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samr 1.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

6. 1811132 - Skipulag - Krókur Álftanesi, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Króks sem afmarkast af Suðurnesvegi, Breiðumýri, Sviðholti og byggð við Klukkuholt og Birkiholt

Gert er ráð fyrir allt að 54 íbúðum í 7 raðhúsallengjum. Heiti gatna samkvæmt tillögu Svanamýri og Gásamýri.

Tillagan hefur tekið nokkrum breytingum frá forkynntir tillögu og hefur verið tekið tillit til ábendinga sem borist hafa eftir því sem unnt var.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samr 1.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

7. 1811133 - Skipulag - Helguvík Álftanesi, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Helguvíkur sem afmarkast af Suðurnesvegi, Höfðabraut og byggð við Sviðholtsvör.

Gert er ráð fyrir allt að 23 einbýlishúsum við tvær götur sem hljóta heitin Þórukot og Halakot samkvæmt tillögunni.

Tillagan hefur breyst óverulega frá forkynntri tillögu.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samr 1.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

8. 1811134 - Skipulag - Skógtjörn Álftanesi, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi svæðisins sunnar Suðurnesvegjar og Hörðabrautar frá landamörkum að Hliði og að Kumlamýri. Samkvæmt tillögu kallast tillagan

Deiliskipulag SKógtjarnar. Innan svæðisins er núverandi byggð við Búðarflöt, Lambhaga, Höfðabraut, Miðskóga, Brekkuskóga, Ásbrekku, Bæjarbrekku, Kirkjubrekku og Tjarnarbrekku. Verða gildandi deiliskipulagsákvæði felld að mestu óbreytt inn í deiliskipulagið og við gildistöku þess falla eldir deiliskipulagsáætlanir úr gildi, Auk þess er gert ráð fyrir nýjum sérbýlishúsum sunnan við Bæjarbrekku og samkvæmt tillögu verði sú gata nefnd Holtsbrekka.

Tillagan hefur tekið nokkrum breytingum frá forkynntir tillögu og hefur verið tekið tillit

til ábendinga sem borist hafa eftir því sem unnt var.
Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samr 1.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

9. 1811135 - Skipulag - Kumlamýri Álftanesi, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Kumlamýrar sem afmarkast af Norðurnesvegi, Álftanesvegi og byggð við Kirkjubrekku og Tjarnarbrekku.
Gert er ráð fyrir allt að 40 íbúðum í 20 parhúsum. Tillagan gerir ráð fyrir því að gatan verði nefnd Kumlamýri eins og örnefni á þessum stað.
Tillagan hefur tekið nokkrum breytingum frá forkynntir tillögu og hefur verið tekið tillit til ábendinga sem borist hafa eftir því sem unnt var.
Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samr 1.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

10. 1810324 - Smáraflöt 11 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Flata sem gerir ráð fyrir bílageymslu fyrir framan þá sem fyrir er. Málinu vísað til skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

11. 1811054 - Staðsetning gestahúsa við Nýjabæ

Lögð fram fyrirspurn eigenda Nýjabæjar um staðsetningu þriggja smáhýsa. 1 hús yrði staðsett inni á lóð Nýjabæjar 2 og 2 austan Garðavegar á svæði sem er á forræði Nýjabæjar 2. Skipulagsnefnd vísar fyrirspurn til umsagnar hjá deiliskipulagshöfundi.

12. 1806403 - Miðhraun 24, breyting á dsk Molduhrauns

Lögð fram tillaga lóðarhafa að breytingum á deiliskipulagi Molduhrauns sem nær til lóðarinnar Miðhraun 24 að lokinn auglýsingu.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir því að lóðin stækki til suðurs, verði 13.888 í stað 12,742 m². Aðkomur að lóðinni breytast frá Miðrauni og gert verði ráð fyrir bráðabirgðaaðkomu frá Álftanesvegi sem verður hægt að loka þegar að Álftanesvegur verður byggður í samræmi við aðalskipulag.
Engar athugasemdir bárust við tillöguna.
Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna sem breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns sbr.42.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

13. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.

Lagðar fram ábendingar og umsagnir sem borist hafa vegna lýsingar verkefnisins.
Ábendingum vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og hjá skipulagsráðgjöfum.

14. 1810120 - Ljósakur 6-breytingar á geymslum

Lögð fram umsókn um breytingu á fjölbýlishúsinu að Ljósakri 6. Samkvæmt tillögu verður húsið 3 hæða í stað tveggja hæða og kallar á deiliskipulagsbreytingu. Þeirri deiliskipulagsbreytingu er hafnað þar sem að breytingin hefur áhrif á hús við Hjálmakur en eigendur þeirra hafa áður lýst sig andsnúna þeirri útfærslu.

15. 1810393 - Breyting á ASK Hafnarfjarðar 2013-2015, Suðurhöfn

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingartillöguna.

16. 1810394 - Breyting á ASK Hafnarfjarðar 2013-2015, Hamranes

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingartillöguna.

17. 1811008F - afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 9

Fundargerð lögð fram. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu þeirra mála sem fram koma í fundargerð.

17.1 1706330 - Hlið, deiliskipulagsbreyting 2017

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu á lóð ferðaþjónustunnar að Hliði. Tillagan gerir ráð fyrir því að byggingarreitur, merktur c, fyrir hús undir gistirými í suðvesturhorni lóðar færist til norðurs og verður vestan við íbúðarhús. Um er að ræða sömu tillögu og var auglýst fyrir ári síðan. Engar athugasemdir bárust en í umsögnum Umhverfisstofnunar komu fram ýmis atriði sem hafa verið til skoðunar. Í skoðun kom í ljós að mörk umhverfis starfsemi ferðaþjónustunnar í deiliskipulagi hafa hnikast til í hnitsetningu. Það gerir það að verkum að hluti bygginga stendur nú inni í fólkvanginum að Hliði. Lögð fram fundargerð frá fundi Garðabæjar og Umhverfisstofnunar þann 2. nóvember sl. Þar kom fram að Umhverfisstofnun mun sjá til þess að tillaga Garðabæjar að stækkun fólkvangsins og breytingu marka umhverfis ferðaþjónustuna muni ná fram að ganga.

Skipulagsstjóri samþykkir áður auglýsta deiliskipulagsbreytingu sem óverulega breytingu deiliskipulags Hliðs sbr. 2.mgr.43.gr. og 1.mgr.44.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Með vísan til heimildar í 3.mgr.44.gr.sömu laga er grenndarkynning felld niður þar sem að fyrir liggur að Umhverfisstofnun sem hagsmunaðili, gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagsbreytingunni sbr.framlagða fundargerð.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

17.2 1810220 - Vesturtún 28 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram byggingarleyfisumsókn raðhússins að Vesturtúni 28 þar sem sótt er um að breyta bifreiðargeymslu í íbúðarherbergi. Byggingarfulltrúi vísar málinu til skoðunar hjá skipulagsstjóra.

Samkvæmt grein 3.1. í deiliskipulagsskilmálum Vesturtúns þá er heimilt að hafa bifreiðargeymslu í raðhúsum en ekki eru um skyldu að ræða. Skipulagsstjóri gerir þar af leiðandi fyrir sitt leyti ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt fyrir íbúðarrými þar sem nú er bifreiðargeymsla.

17.3 1808283 - Svalalokun Blátún 6 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram fyrirspurn frá byggingarfulltrúa um það hvort tillaga að lokun svala undir kvisti sé í samræmi við deiliskipulag.

Svar: Heildarflatarmál hússins er 223,1 m² og lóð 792 m². Nýtingarhlutfall er því um 0.28. Heimilað er nýtingarhlutfall 0.3. Á meðan að viðbótargólfllötur eru undir 14 m² þá er stækkun innan marka deiliskipulags. Tillagan er því innan heimilda deiliskipulags.

17.4 1810070 - Þrastanes 11 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram fyrirspurn um það hvort að leyfilegt sé að breyta helmingi tveggjabifreiða bílageymslu til íbúðarnota.

Svar: Í tillögu sem samþykkt hefur verið sem nýtt deiliskipulag fyrir Arnarnes en hefur ekki verið stafest með birtingu í B-deild stjórnartíðinda er gert ráð fyrir því að bifreiðageymslur geti verið fyrir einn eða tvo bíla. Umrædd breyting eins og hún er sett

fram í fyrirspurn virðist ekki vera byggingarleyfissskyld og því ekki þörf á grenndarkynningur. Þegar staðfest hefur verið staðfest nýtt deiliskipulag fyrir Arnarnes er hægt að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmdum sem eru í samræmi við deiliskipulag.

17.5 1805161 - Haukanes 10 -Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram tillaga að stækkun svala á aðalhæð á vesturhlið íbúðarhússins að Haukanesi 10. Í Arnarnesi er ekkert gildandi deiliskipulag fyrir hendi.

Svalir á núverandi húsi ná um 3 metra út fyrir byggingarreit en samkvæmt tillögu myndu þær ná 4,10 metra út fyrir byggingareit auk þess sem þær stækka verulega vestan hússins. Svalirnar myndu því taka undir sig verulegt pláss á milli húsanna sem skal vera 10 metrar samkvæmt skipulagi.

Ef tillagan verður óbreytt mælir skipulagsstjóri með því að sótt verði um deiliskipulagsbreytingu um leið og deiliskipulag Arnarness hefur tekið gildi.

17.6 1801168 - Smáraflöt 18 - viðbygging

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram tillaga að lengingu bifreiðargeymslu um 2,5 metra sem er 2 m umfram þá 7,5 m sem deiliskipulag heimilar.

Skipulagsstjóri samþykkir tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulag Flata og vísar tillögunni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.skipulagslaga. Grenndarkynna skal eigendum Smáraflatar 16, 17 og 20 sem og Stekkjarflatar 21.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

17.7 1808155 - Hæðarbyggð 22 -Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram byggingarleyfisumsókn fyrir breytingu á einbýlishúsinu að Hæðarbyggð 22 sem gerir ráð fyrir því að yfirbyggðum svölum verði lokað og að byggðar verði svalir á aðalhæð á vestur og norðurhlið ásamt stiga niður í garð. Nýjar svalir ná út fyrir byggingarreit að hluta. Viðbygging yrði innan byggingarreits.

Skipulagsstjóri vísar umsókninni til grenndarkynningar samkvæmt 44.gr. skipulagslaga nr.123/2010 þar sem breytingin er í samræmi við byggðarmynstur osfv. Grenndarkynna skal tillögu eigendum Hæðarbyggðar 20, 23, 24, 25 og 27. Ef samþykki allra viðeigandi liggur fyrir er heimilt að stytta tíma grenndarkynningar. Ef engar athugasemdir verða gerðar við umsóknina gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

17.8 1810131 - Dælustöð í Urriðaholti

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kaupþúns sem gerir ráð fyrir breyttri aðkomu að dælustöð OR sem gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir að verði frá bensinstöðvarlóðinni Kaupþúni 2. Tillagan gerir ráð fyrir aðkomunni beint frá aðalgötunni. Hér er um að ræða aðkomu sem verður sjaldan notuð en nokkur umferð verður um á meðan á byggingu stendur.

Skipulagsstjóri samþykkir breytinguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Kaupþúns og fellir grenndarkynningu niður þar sem að breytingin varða ekki aðra en umsækjanda og sveitarfélagið.

17.9 1810369 - Urðargata 1, 3 og 5, dsk breyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir aukningu byggingarmagns raðhúsanna Urðargata 1,3 og 5 sem nemur gluggalausum rýmum á neðri hæð húsanna. Breytingin hlýst af landlagsmótun lóðanna og undirbyggingu húsanna. Þar sem um er að ræða gluggalaus rými sem nýtast sem geymslur og tæknirými og eru án grenndaráhrifa samþykkir skipulagsstjóri breytinguna sem óverulega. Grenndarkynning felld niður þar sem að áhrif breytingarinnar hafa engin grenndaráhrif og varða því aðeins umsækjanda og sveitarfélagið.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar
2.. fundur 2018

Þriðjudaginn 20. nóvember 2018 kl. 08:00 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Einar Örn Magnússon aðalmaður, Unnur B. Johnsen varamaður, Sólveig Guðrún Geirsdóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir aðalmaður og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Formaður bauð skólanefnd velkomna til 2. fundar kjörtímabilsins. Laufey kynnti aðsetur skólans fyrir fundarmönnum.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1805154 - Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019

Formaður og skólastjóri fór yfir helstu fjárhagsstærðir í áætluninni sem lúta að tónlistarskólanum. Nefndin leggur áherslu á að halda áfram endurnýjun hljóðfæra sem ætluð eru til útleigu ásamt píanókosti skólans. Þá er mikilvægt að huga að stækkun tónlistarskólans í Kirkjulundi og á Álftanesi þar sem húsnæði stendur starfsemi skólans fyrir þrifum.

2. 1805154 - Skólastarfið

Fram kom hjá skólastjóra að skólastarfið hafi verið blómlegt á haustönninni. Haldnir hafa verið fjölmargir tónleikar það sem af er skólaárinu auka annarra viðburða sem nemendur hafa tekið þátt í. Til að gefa dæmi um fjölbreytta starfsemi skólans þá fór C blásarasveit TG á landsmót skólahljómsveita á Akureyri 12.- 14. október, báðar strengjasveitirnar fóru á strengjamót á Akureyri 2. - 4. nóvember, nemendur rytmadeildarinnar tóku þátt í jamsession í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar 14. nóvember og stóri píanódagurinn var haldinn í þriðja skipti 3. nóvember. Á píanódeginum er þátttakendum skipt í hópa sem fara á milli píanókennara í þremur lotum. Á hverjum stað er lögð áhersla á mismunandi atriði til að vinna með allt frá framkomu á tónleikum til leikja og spuna. Um 90 nemendur tók þátt að þessu sinni.

Haldinn var „masterklass“ fyrir lengst komnu flautunemendur skólans og svo var boðið upp á flautufjör fyrir alla flautunemendur en þar fengu nemendur kynningu á ýmsum tegundum af flautum auk þess að fá að prófa að spila á þær.

Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember sl. hélt söngdeildin tónleika að venju þar sem eingöngu voru flutt íslensk sönglög. Framundan eru jólatónleikar skólans auk þess sem nemendur koma fram við ýmis tækifæri í sveitarfélaginu á aðventunni

3. 1805154 - Starfsmannakönnun vorið 2019

Fram kom hjá skólastjóra að stefnt er að gerð starfsmannakönnunar, líkt og gert er á þriggja ára fresti. Vorið 2019 verður gerð starfsmannakönnun hjá öllum stofnunum Garðabæjar á sama tíma og er það í fyrsta skipti sem það er gert.

4. 1809281 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
4. fundur 2018

Fimmtudaginn 15. nóvember 2018 kl. 08:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Álftanesskóla.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Edda Björg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Kristín Sigurðardóttir verkefnastjóri, Hilmar Þór Sigurjónsson fulltrúi kennara og Karólína Hreiðarsdóttir varafulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Kristín Sigurðardóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Erna Ingibjörg Pálsdóttir skólastjóri Álftanesskóla og Anna María Skúladóttir aðstoðarskólastjóri Álftanesskóla, komu á fundinn undir 5. dagskrárlíð.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1808037 - Starfsáætlanir grunnskóla 2018-2019

Lagðar fram til kynningar. Starfsáætlanir almennt vel unnar og metnaðarfullar. Rætt um fjarveru nemenda vegna leyfisbeiðna frá námi. Skólastjórar og skóladeild munu ræða reglur og lög sem gilda um leyfi frá námi og hvernig samræmingu er háttað í skólum Garðabæjar.

2. 1810259 - Spurningakönnun og vettvangsheimsóknir vegna framkvæmdar náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum

Tilkynning frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti lögð fram til kynningar.

3. 1801270 - Samstarf SSH um símenntun grunnskólakennara

Lagt fram til kynningar. Nefndarmönnum boðið að koma á fræðslufundina þann 23. nóvember nk. komi þeir því við.

4. 1808202 - Menntadagur í Garðabæ 2018

Rætt um nýliðinn Menntadag sem var vel heppnaður. Um 400 starfsmenn leik- og grunnskóla sóttu Menntadaginn og hlýddu á um 40 erindi og kynningar á þróunarverkefnum á leik- og grunnskólastigi. Þetta árið var nýjung þar sem tvær kynningar komu frá FG, en þau verkefni tengjast breytingum á kennsluháttum og námsmati. Skólanefnd vill þakka þeim sem komu að skipulagi, framkvæmd og þátttöku í dagskránni.

5. 1810178 - Kynning á Álftanesskóla

Skólastjórnendum þakkaðar góðar móttökur, sem og fyrir kynningu á skólastarfinu og þeim framkvæmdum sem standa yfir vegna viðbyggingar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar 6. fundur 2018

Föstudaginn 16. nóvember 2018 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806306 - Hlið, breyting friðlýsingarmarka

Skipulagsstjóri kynnti stöðu mála og niðurstöður fundar Garðabæjar með Umhverfisstofnun.

2. 1804130 - Hnoðraholt og Vetrarmýri, dsk br v. fjölnota íþróttahúss

Skipulagsstjóri kynnti tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholt og Vetrarmýrar vegna fjölnota íþróttahúss sem er í kynningu. Umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna.

3. 1811057 - Umsóknir í framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2019

Tvær umsóknir voru sendar inn í framkvæmdasjóð ferðamannastaða, strandstígur á Álftanesi og framhald af úrbótum á stíg í Búrfellsgjá. Kynnt fyrir nefndinni.

4. 1811108 - Fundargerðir 2018 - 2022 - Reykjanesfólkvangur

Formaður Umhverfisnefndar situr í stjórn Reykjanesfólkvangs og gerði grein fyrir fundargerðinni. Umhverfisnefnd telur þörf á að landvörður verði hafður í fólkvanginum allt árið.

5. 1811086 - Græni stígurinn

Bref frá skógræktarfélagi lagt fram og kynnt.

6. 1809281 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

Lagt fram og kynnt.

7. 1810055 - Tillaga um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og stofnana á vegum bæjarins.

Umhverfisnefnd hefur hafið undirbúning að innleiðingu á stefnu varðandi plastmengun.

8. 1810092 - Fyrirspurn frá Sveinbjörgu Vilhjálmsdóttur

Fyrirspurn:

Eru einhver áform um endurbætur á fráveitu eða síun skólps á Álftanesi á næstunni? Töluverð saurgerlamengun við Skógtjörn/Miðskóga, Skógtjörn/Lambhaga, Gesthúsavör og Hrakhólma hefur komið fram við mælingar sl. 2 ár.

Hefur verið bætt úr frárennismálum við Lambhaga 17

Svar:

Til er áætlun um endurbætur á fráveitu á Álftanesi sem unnin var af VSÓ og fylgdi sú áætlun með

í sameiningunni. VSÓ hefur verið ráðgjafi okkar í fráveituverkefnum á svæðinu. Stefnt er að setja fullkonnari hreinsistöð við Hrakhólma en það er dýr framkvæmd og er ekki komin á framkvæmdaáætlun. Unnið hefur verið að úrbótum á fráveitu á Álftanesi eftir áætluninni eins og fjárhagsáætlun leyfir, þar má telja:

1. Hreinsa lagnir í tveimur hverfum, bæði leka og rætur úr lögnum
2. Endurnýjun á stýrikerfi og vöktun á kerfunum

Við Lambhaga 17 á að setja fullkonnari rotþró í samráði við húseigendur til að byrja með, en til stendur að finna varanlegri lausn í framhaldinu.

Þess má geta að uppbygging á Álftanesi kallar á heildar endurskoðun á fráveitukerfi svæðisins.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

240. fundur – 5. nóvember 2018

Fundargerð

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kom saman til fundar mánudaginn 5. nóvember 2018.


Fundurinn var haldinn á skrifstofu heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ og hófst hann kl. 17.40.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn. Linda Hrönn Þórisdóttir boðaði forföll og í hennar stað mætti Guðmundur Sigurðsson.

Guðmundur H. Einarsson ritaði fundargerð.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að ganga til samninga við Hörð Þorsteinsson í stöðu framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00.


Sigurður Grétarsson

Guðmundur Sigurðsson


Sævar Gíslason

Gnýr Guðmundsson


Ingibjörg Hauksdóttir

Jon Haukur Ingvarson

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
241. fundur – 27. nóvember 2018**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, þriðjudaginn 27. nóvember 2018. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð. Fundargerðir heilbrigðisnefndir frá 29. október og 5. nóvember 2018 liggja fyrir.

1 Starfsmannahald

Heilbrigðisnefnd samþykkir að ráða Hörð Þorsteinsson í starf framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits og Þóru Dögg Jörundsdóttur í starf deildarstjóra. Formanni falið að semja við fráfarandi framkvæmdastjóra um að sinna áfram sérverkefnum fyrir heilbrigðiseftirlitið næstu mánuði. Heilbrigðisnefnd bauð Hörð Þorsteinsson velkominn á fundinn.

2 Skipulagsmál

2.1 Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025, hafnarsvæði

Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar frá 24. október 2018 þar sem óskað er umsagnar um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, greinargerð, svæði Suðurhöfn. <https://www.hafnarfjordur.is/ibuar/skipulag/skipulag-i-kynningu/sudurhoefn-fornubudir> Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

2.1 Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025, tímabundin lega Hamraneslínu

Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar frá 25. október 2018 þar sem óskað er umsagnar um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, tímabundinni legu Hamraneslínu 1 og 2 við Skarðshlíð. <https://www.hafnarfjordur.is/ibuar/skipulag/skipulag-i-kynningu/hamraneslina-breyting-a-legu> Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

2.2 Deiliskipulagslýsing Hamraborg - miðsvæðisskipulag, Kópavogur

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogs dags. 1. nóvember 2018 þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu fyrir Hamraborg – miðsvæðisskipulag. <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu> Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir

3 Umhverfismat


3.1 Umhverfismatsskýrsla - Vatnsendakrökur

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 5. nóvember 2018 þar sem óskað er umsagnar um frummatsskýrslu vegna aukinnar vatnstöku Veitna í Vatnsendakrikum. <http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1357/Vatnsvinnsla%20Vatnsendakrikum2.pdf> Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi bókun:

„Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við efnistöð frummatsskýrslunnar. Fram kemur að svæðið er enn viðkvæmara en lagt var til grundvallar við gerð svæðaskipulagsins árið 2015. Sérstaka athygli vekur að hversu vatnsforði á vatnsverndarsvæðinu er viðkvæmur fyrir sveiflum í úrkomu milli árstíða og ára og hvað lítið má útaf bregða til að öryggi vatnsöflunar verði stefnt í tvísýnu.

Ljóst er af skýrslunni að vatnstaka í Vatnsendakrikum getur haft áhrif á öryggi Vatnsveitu Hafnarfjarðar sem bregðast þarf við. Liggur þar beinast við að styrkja vatnstöku úr Elliðavatnsstraumi til að dreifa vatnstökunni betur á milli aðrennslisstrauma þegar til framtíðar er lítið.

Heilbrigðisnefnd beinir því til sveitarstjórna að öll ákvarðanatöku og skipulag framkvæmda innan vatnsverndarsvæðisins verði ávallt á forsendum vatnsverndar. Frummatsskýrslan undirstrikar nauðsyn þess að virk viðbragðsáætlun sé til staðar sem hægt verði að grípa til verði mengunaróhöpp á svæðinu“.



3.2 Fyrirspurn matsskildu – fjölnota íþróttahús Garðabæ

Lagður fram tölvupóstur Skipulagsstofnunar frá 19. nóvember 2018 ásamt skýrslu Eflu verkfræðistofu varðandi fyrirspurn um matsskyldu vegna fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri í Garðabæ. Heilbrigðisnefnd telur ekki tilefni til að framkvæmdin fari í umhverfismat.

4 Starfsleyfi, umsagnir, skýrslur, tilkynningar o.p.h.

4.1 Starfsleyfi

Garðabær

4.1.1 Bólstaður, Garðabær – gististaður

Lögð fram að nýju umsókn Guðbjargar Ólafsdóttur, kt. 120553-2599, dags. 9.07.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II (gististaður án veitinga) að Bólstað, kjallara, Garðabæ. Fastanúmer: 207-2632. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

4.1.2 Fífumýri 9, Garðabær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Andra Gunnarssonar, f.h. Bordeaux félagið ehf., kt. 470618-0860, dags. 21.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Fífumýri 9, Garðabæ. Fastanúmer: F2070031. Ný starfsemi. Afgreiðslu frestað og óskað umsagnar byggingafulltrúa.

4.1.3 Kirkjulundur 13 og 17, Garðabær – dýralæknastofur og dýrageymsla

Lögð fram umsókn Jóns Arnar Kristinssonar, f.h. Dýralækninga ehf., kt. 701297-3859, dags. 23.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dýralæknaþjónustu og tengda starfsemi að Kirkjulundi 13 og 17, Garðabæ. Fastanúmer: F2071009 og F2257676. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.4 Lyngás 17, Garðabær – stóreldhús og veitingastofa

Lögð fram að nýju umsókn Hauks Ragnarssonar, f.h. Mýrarinnar veitinga ehf., kt. 530318-0360, dags. 21.09.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs framleiðslu eldhúss og veitingastofu að Lyngási 17, Garðabæ. Fastanúmer: F2071459. Nýr rekstraraðili. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 6 mánaða þannig að fyrirtækinu gefist ráðrúm til nauðsynlegra úrbóta á starfseminni enda leggi umsækjandi fram tímasetta úrbótaáætlun.


Hafnarfjörður

4.1.5 Berghella 1, Hafnarfjörður - flutningur spilliefna

Lögð fram umsókn Jóns H. Steingrímssonar, f.h. Efnamóttökunnar hf., kt. 691298-2729, dags. 13.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til flutnings á spilliefnum. Starfsemin er skráð að Berghelli 1, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2242839. Færanleg starfsemi. Með vísun til ákvæða til reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

4.1.6 Eyrarholt 6, Hafnarfjörður - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Höskuldar Haukssonar, f.h. Hauksson Vínbóndi ehf., kt. 570518-2080, dags. 19.11.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimil starfseminnar er að Eyrarholti 6, Hafnarfirði en vörugeymsla og vörudreifing er frá vöruhótelu Eimskipa. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemi sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágretta.



4.1.7 Gjáhella 11, Hafnarfjörður - málmsmiðja

Lögð fram umsókn Stefáns A. Þórissonar, f.h. Járn og Blikks ehf., kt. 651191-1069, dags. 7.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmiðju að Gjáhelli 11, Hafnarfirði.

Fastanúmer: Allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.1.8 Miðhella 4, Hafnarfjörður - matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Davíðs Magnússonar, f.h. Brauð Útgerðar ehf., kt. 570317-0830, dags.

30.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís og framleiðslueldhúss að Miðhelli 4, Hafnarfirði. Fastanúmer: 230-6670. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.9 Norðurhella 8, Hafnarfjörður - bifreiðaverkstæði

Lögð fram að nýju umsókn Jóhanns D. Barðasonar, f.h. Bifvélavirkjans ehf., kt. 500918-0120, dags.

15.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Norðurhelli 8, Hafnarfirði.

Fastanúmer: 230-5373. Ný starfsemi.

Með vísun til reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er mælt með starfsleyfi til tveggja ára þannig að fyrirtækinu gefist ráðrúm til nauðsynlegra úrbóta gagnvart leyfisveitanda byggingarleyfis.

4.1.10 Óseyrarbraut 28, Hafnarfjörður - netaverkstæði

Lögð fram umsókn Guðbjartar Þórarinssonar, f.h. Ísfell ehf., kt. 480269-4119, dags. 20.11.2018, þar

sem sótt er um leyfi til reksturs þjónustu verkstæðis fyrir fiskeldiskvía að Óseyrarbraut 28, Hafnarfirði.

Fastanúmer: F2242602. Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er afgreiðslu frestað þar sem vinnsla starfsleyfis er eftir.

4.1.11 Sléttuhlíð F7, Hafnarfjörður niðurrif

Lögð fram umsókn Eyjólfis Einars Elíassonar, kt. 091071-4609, dags. 16.11.2018, sótt er um leyfi til

niðurrifs húss að Sléttuhlíð F7, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er staðfest leyfi fyrir starfseminni til 15.12.2018.

4.1.12 Skútahraun 9a, Hafnarfjörður matvæli

Lögð fram umsókn Magnúsar R. Agnarssonar, f.h. Veganmatur ehf., kt. 590517-0460, dags.

20.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs framleiðslueldhúss að Skútahrauni 9a, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.13 Staðarberg 2-4, Hafnarfjörður matvöruverslun

Lögð fram umsókn Ómars Valdimarssonar, f.h. Samkaup hf., kt. 571298-3769, dags. 14.11.2018, þar

sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar með „bake-off“ eða bakað á staðnum að Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.14 Öldugata 39, Hafnarfjörður - spennu- og varaafstöð

Lögð fram umsókn Júlíusar Jónssonar, f.h. H.S. Veitur hf., kt. 431208-0590, dags. 30.10.2018, þar

sem sótt er um leyfi til reksturs spennu- og varaafstöðvar að Öldugötu 39, Hafnarfirði.

Fastanúmer: F2080777. Stækkun á spennustöð og endurnýjun.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

Kópavogur

4.1.15 Álfrólsvegur 100, Kópavogur – grunnskóli með mótuneyti

Lögð fram umsókn Sigrúnar Bjarnadóttur f.h. Kópavogsbæjar., kt. 700169-3759, dags. 8.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla að Álfrólsvegi 100, Kópavogi.

Fastanúmer: F2058279. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.16 Bláfjöll, Kópavogur – skíðasvæði

Lögð fram umsókn Einars Bjarnasonar, f.h. Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins., kt. 590182 -1339, dags. 21.11.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir starfsemi skíðaskála með eldhúsi og rekstri vatnsbóls fyrir skíðasvæðið. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.17 Bæjarlind 1-3, Kópavogur – hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Kristins Þórs Jóhannessonar f.h. Steinbæjar 23 ehf., kt. 461118-0460, dags. 8.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Bæjarlind 1-3, Kópavogi.

Fastanúmer: 223-5223. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.18 Engihjalli 8, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Ómars Valdimarssonar, f.h. Samkaup hf., kt. 571298-3769, dags. 14.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar með „bake-off“ eða bakað á staðnum að Engihjalla 8, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.19 Fellahvarf 24, Kópavogur – gististaður

Lögð fram umsókn Hallgríms Sveinssonar, f.h. Steinakúnstar ehf., kt. 681204-2450, dags. 20.11.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir gististað að Fellahvarfi 24, Kópavogi.

Fastanúmer: F2270098. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttaeðlugerða er afgreiðslu frestað og óskað umsagnar byggingafulltrúa.

4.1.20 Hamraborg 11, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Kristins Kristinssonar, f.h. Tannlæknasetrið ehf., kt. 500417-1100, dags. 16.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hamraborg 11, Kópavogi.

Fastanúmer: F2061449. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttaeðlugerðar og eðlugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.21 Hagasmári 1, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Óla Vals Steindórssonar, f.h. Sósi ehf., (Hlíllabátar) kt. 420318-0300, dags. 23.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Hagasmára 1, Kópavogi.

Fastanúmer: F2227650. Nýr rekstaraðili.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.22 Hlíðasmári 8, Kópavogur – stóreldhús


Lögð fram umsókn Fannars Arnarssonar, f.h. Matarkompanísins ehf., kt. 610218-0910, dags. 14.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til rekstur stóreldhúss að Hlíðasmára 8, Kópavogi. Fastanúmer:

206-2297. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.23 Kársnesbraut 114, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Nuno Valentim, kt. 121080-3389, dags. 8.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiða- og sprautuverkstæðis að Kársnesbraut 114, Kópavogi. Fastanúmer: F2063171.



Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.24 Lyngheiði 10, Kópavogur – gististaður

Lögð fram umsókn Unnar Óttarsdóttur, kt. 270862-2179, dags. 8.11.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir gististað, flokkur II að Lyngheiði 10, Kópavogi. Fastanúmer: F2063993. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

4.1.25 Nýbýlavegur 4, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Björns Steinars Jónssonar f.h. Rætur og vín ehf., kt. 421018-0570, dags. 18.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Nýbýlavegi 4, Kópavogi. Fastanúmer: F2064384. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.26 Smiðjuvegur 26, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Ragnars Hjörleifssonar f.h. Oriens ehf., kt. 480196-3880, dags. 12.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Smiðjuvegi 26, Kópavogi. Fastanúmer: F2065337. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.1.27 Versalir 3, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Jóhönnu Soffíu Birgisdóttur f.h. Djús ehf., kt. 611112-1140, dags. 2.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla í Salalaug, Versölum 3, Kópavogi. Fastanúmer: F2257857. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er samþykkt starfsleyfi í samræmi við starfsleyfi sundstaðarins að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.28 Vesturvör 30b, Kópavogur – framleiðsla og dreifing matvæla TS

Lögð fram umsókn Jakobs S. Bjarnasonar f.h. Foss Distillery ehf., kt. 491110-0150, dags. 21.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu áfengra drykkja og dreifingar að Vesturvör 30b, Kópavogi. Fastanúmer: 224-6611. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.2 Umsagnir

Garðabær

4.2.1 Bólstaður, Garðabær – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 16.07.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðbjargar Ólafsdóttur, kt. 120553-2599, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir minna gistiheimili samkvæmt flokki II við Bólstað, Garðabæ. Jákvæð umsögn staðfest.


4.2.2 Blikastígur 19, Garðabær – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.10.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Maríu Harðardóttur, kt. 151170-4209, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki II við Blikastíg 19, Garðabæ. Eftirfarandi bókun var gerð: Heilbrigðisnefnd veitti starfsleyfi fyrir gistingu þann 25.04.2016. Ekki er gerð athugasemd vegna útgáfu rekstrarleyfis.

4.2.3 Skólabraut, Garðabær – íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.11.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnudeildar Stjórnunnar, kt. 580589-1389, um tækifærisleyfi vegna samkomu í Mýrinni íþróttahúsi við Skólabraut, Garðabæ, þann 25.01.2019 frá kl. 19.00 – 03.00. Jákvæð umsögn veitt.

5



Kópavogur

4.2.4 Bæjarlind 6, Kópavogur – veitingahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 5.11.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Flensborgarskóla, kt. 430985-0789, um tækifærisleyfi vegna samkomu á Spot, Bæjarlind 6, Kópavogi þann 21.11.2018 frá kl. 22.00 – 01.00. Jákvæð umsögn veitt.

4.2.5 Dalvegur 16a, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.10.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Norðfjörð ehf., kt. 700305-0660, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki II við Dalveg 16a, Kópavogi.

Mælt er með eftirfarandi bókun:

Heilbrigðisnefnd veitti starfsleyfi fyrir rekstur veitingastofu Norðfjörð ehf., kt. 700305-0660 að Dalvegi 16a, Kópavogi þann 25.08.2014. Ekki er gerð athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis.

4.2.6 Fellahvarf 24, Kópavogur – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 6.11.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Steinakúnst ehf., kt. 681204-2450, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki II við Fellahvarf 24, Kópavogi.

Mælt er með eftirfarandi bókun:

Afgreiðslu frestað þar sem ekki liggur fyrir að húsnæði hafi hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins.

4.2.7 Hestheimar 14-16, Kópavogur – veitingahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 9.11.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Spretts rekstrarfélags, kt. 580713-0680, um tækifærisleyfi vegna samkomu í Samskipahöllinni, Hestheimum 14-16, Kópavogi þann 17.11.2018 frá kl. 19.00 – 01.00.

Mælt er með eftirfarandi umsögn:

Heilbrigðisnefnd veitti starfsleyfi fyrir rekstur félagsheimilis með veitingasal þann 2.06.2014. Jákvæð umsögn staðfest.

4.2.8 Hlíðasmári 15, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.10.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Parma Pizzeria ehf., kt. 491014-1210, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki II við Hlíðasmára 15, Kópavogi.

Mælt er með eftirfarandi bókun:

Heilbrigðisnefnd veitti starfsleyfi fyrir rekstur veitingastofu Parma Pizzeria ehf., kt. 491014-1210 Hlíðasmári 15, Kópavogur þann 27.10.2014. Ekki er gerð athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis.

4.2.9 Smáratorg 1, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 5.11.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sviðslistahópsins 16 Elskendur, kt. 570708-0150, um tækifærisleyfi vegna samkomu í Læknavaktinni Smáratorgi 1, Kópavogi þann 1.-7.12.2018 frá kl. 20.00 – 23.00.

Heilbrigðisnefnd samþykkti starfsleyfi fyrir læknastofu í húsnæðinu þann 25. apríl 2016. Eftirlit fór fram í húsnæðinu þann 13.11.2018. Ekki er gerð athugasemd við veitingu tækifærisleyfis fyrir umbeðnar samkomur.

4.2.10 Smiðjuvegur 4, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.10.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Velox ehf., kt. 530809-0560, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki II við Smiðjuveg 4, Kópavogi.

Mælt er með eftirfarandi bókun:

Heilbrigðisnefnd veitti starfsleyfi fyrir rekstur veitingastofu Velox ehf., kt. 530809-0560, Smiðjuvegur 4, Kópavogi þann 27.09.2010 og er ekki gerð athugasemd vegna útgáfu rekstrarleyfis.

6

4.2.11 Smiðjuvegur 11, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.10.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Praxis 999 ehf., kt. 550414-2010, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Smiðjuveg 11, Kópavogi.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Heilbrigðisnefnd veitti starfsleyfi fyrir rekstur veitingastaðar þann 29.10.2018 og er ekki gerð athugasemd vegna útgáfu rekstrarleyfis.

4.3 Tóbaksleyfi

4.3.1 Staðarberg 2-4, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Samkaupa hf., dags. 14.11.2018 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Iceland Hafnarfirði, Staðarbergi 2-4., kt. 571298-3769, Leyfisveiting samþykkt að lokinni úttekt.

4.3.2 Engihjalli 8, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Samkaupa hf., dags. 14.11.2018 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Iceland Engihjalla 8, Kópavogi, kt. 571298-3769, Leyfisveiting samþykkt að lokinni úttekt.

4.4 Annað

4.4.1 Áramótabrennur og þrettándabrennur

Fyrir liggja eftirtalin erindi vegna áramótabrenna og þrettándabrenna

- Ásgarður, Garðabær, áramótabrenna
- Smárahvammur, Kópavogur, áramótabrenna
- Ásvellir, Hafnarfjörður, áramótabrenna
- Frostapiing 2a, áramótabrenna
- Bakkar við Gesthúsavör, Álftanesi þrettándabrenna

Umsagnarbeiðnir hafa borist frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu:

- dags. 22.11.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélagsins Hauka, kt. 600169-0419, um leyfi til að brenna bálkóst (stór brenna) á Ásvöllum, Hafnarfirði, þann 31.12.2018 frá kl. 20.00.
- dags. 23.11.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Árna Þórs Árnasonar, kt. 240366-5179, um leyfi til að brenna bálkóst (stór brenna) ofan við Gulapiing, Kópavogi, þann 31.12.2018 frá kl. 20.30.
- dags. 24.11.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Breiðabliks, kt. 480169 0699, um leyfi til að brenna bálkóst (stór brenna) við Smárahvamm, Kópavogi, þann 31.12.2018, frá kl. 20:30.

4.4.2 Hollustuháttahópur 2018-2019


Lögð fram til kynningar fundargerð samráðhóps HES og UST um hollustuhætti frá 12. nóvember 2018.

4.4.3 Matvælahópur – eftirlit með Listeria monocytogenes

Lögð fram til kynningar fundargerð matvælahóps frá 15. október 2018 ásamt leiðbeiningum fyrir eftirlitsverkefni varðandi Listeriu monocytogenes í matvælum tilbúnum til neyslu.

4.4.4 Breytingar á matvælalögum 93/1995

Lagður fram til kynningar tölvupóstur frá 9.11.2018 með tillögu Matvælastofnunar um innleiðingu á lögum nr. 33/2018 um breytingu á lögum um matvæli 93/1995. Söfnun upplýsinga úr eftirliti og birting. Lagabreytingin tekur gildi 1. janúar 2019 ef frá eru talið ákvæðin í a. lið 2. gr. (opinber birting á upplýsingum um flokkun fyrirtækja og heimild ráðherra til að setja reglur um birtingu eftirlitsskýrsla) sem öðlast gildi frá og með 1. janúar 2021. MAST hefur sett á fót teymi sem ætlað er að stýra innleiðingu á löggjöfinni og halda utan um verkefnið að öðru leyti, að greina þau verkefni sem inna þarf af hendi, skoða og yfirfara verkferla sem nauðsynlegt er að útbúa, ásamt öðrum nauðsynlegum verkefnum.



4.4.5 Matvælastofnun – Matvæli afgreidd í ílát viðskiptavina
Lagðar fram til kynningar leiðbeiningar til verslana og veitingastaða

4.4.6 Thorsplan, Hafnarfjörður – jólaþorpið
Lögð fram umsókn Rósu Guðbjartsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar., kt. 590169-7579, dags. 1.11.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir útimarkað í sölubásum í tengslum við jólaþorpið á Thorsplani í Hafnarfirði, frá 30. nóvember – 23. desember. Tímabundið leyfi.

4.4.7 Vesturvör 40-48, Kópavogur - afþreyingarlaug
Lagt fram erindi Eflu frá 5. nóvember 2018 f.h. Nature Resort ehf þar sem óskað er eftir álit frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna hönnunar forsenda á baðlóni á Kársnesi, með vísun í meðfylgjandi minnisblað.
Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við að lögð verði fram umsókn um starfsleyfi ásamt samþykktum byggingarnefndar teikningum.

5 Önnur mál

5.1 Loftgæðamælingar í Norðlingaholti, Hveragerði og Lækjarbotnum

Lögð fram til kynningar skýrsla sem unnin var fyrir Orku náttúrunnar um mælingar á H2S loftgæðamælingar í Norðlingaholti, Hveragerði og Lækjarbotnum fyrir janúar til og með september árið 2018.

5.2 Samráðsgátt

Með tölvupósti frá 13.11.2018 vekur Umhverfis- og auðlindaráðuneytið athygli á máli nr. 229/2018 - Frumvarp, hollustuhættir og mengunarvarnir, meðhöndlun úrgangs (stjórnvaldssektir o.fl.)

5.3 Mengun í Kópavogslæk

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Málningar hf. frá 14. nóvember þar sem gerð er grein fyrir viðbrögðum fyrirtækisins við mengun sem átti sér stað í Kópavogslæk 19. október s.l.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:30


Sigurður Grétarsson


Sævar Gíslason


Ingibjörg Hauksdóttir



Linda Hrönn Þórisdóttir


Gnýr Guðmundsson


Jón Haukur Ingvason

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 28. nóv. 2018.

Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

Mættir: Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Margrét Pálsdóttir, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurgestur Gíslason, Guðmundur Grétar Karlsson og Andri Steinn Hilmarsson.

Einnig sat fundinn Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Landvarnir við Selatanga

Upplýst var af GGK að fengist hefði styrkur frá Vegagerðinni til að fara í landvarnir við Selatanga. Málið er þó enn á frumstigi.

2. Eldfjallaþjóðgarður ?

Rætt um friðunarhugmyndir á Reykjanesi. Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram í umræðu að stofna ætti eldfjallaþjóðgarð á Reykjanesi. Í friðunartillögum til B-hluta náttúruminjaskrár var meiri áhersla á lífríkið en búast má við áherslu á friðun jarðminja í framhaldinu. Stjórn fólkvangis stefnir á að eiga samtalið við ríkisvaldið um friðunarmöguleika á Reykjanesi.

3. Bátsferðir á Kleifarvatni

Lagt fram erindi Jóns Símons Gíslasonar fyrir hönd ES Verk dags. 31.10.2018 þar sem óskað er leyfis til að bjóða upp á siglingar á Kleifarvatni í 60 manna víkingabáti til afþreyingar og fræðslu.

Stjórnin samþykkti umsögn þar sem stjórnin lýsti efasemdum um erindið vegna þess að áætlaðar bátsferðir samrýmdust illa ímynd svæðisins, ekki væri verið að kynna náttúru og sögu svæðisins, gæti valdið truflun, hljóðmengun, fyrir veiði og ásýnd ekki síst vegna uppbyggingar sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja sem líklega kallaði á deiliskipulagsgerð.

Afrit af umsögn verður send Umhverfisstofnun, Grindavíkurbæ og Hafnarfirði.

4. Stjórnunaráætlun

Rætt um stjórnunaráætlun sem stjórnin samþykkti 2014. Í stjórnunaráætlun er samantekt um fjölmarga þætti er lúta að fólkvanginum og verkefnum sem mætti og ætti að fara í.

Óskað var eftir við Umhverfisstofnun að gerð yrði verndaráætlun fyrir fólkvanginn og stjórnunaráætlun nýttist mjög vel inn í þá vinnu. Umhverfisstofnun hafði þá ekki bolmagn til að fara af stað en áherslur hafa breyst og ástæða væri til að knýja aftur á um vinna að verndaráætlun fari af stað.

Stjórnin mun taka upp umræðu um stjórnunaráætlun á næstu fundum og í áætlaðri ferð í vor.

5. Reykjanes geopark

Rætt um jarðvanginn. Áherslur jarðvangsins eru maðurinn í náttúrunni. Skilmálarnir fyrir jarðvanginn verða endurskoðaðir á næsta ári en það er gert annað hvort ár. Hafnarfjörður tekur ekki þátt í samstarfi um jarðvanginn. Upplýst var að verið er að skipta um verkefnisstjóra jarðvangsins. Verkefnisstjóri jarðvangsins átti ekki heimangengt á fundinn en stefnt að því að fá hann á næsta fund og halda þá áfram umræðu um samlegðar tækifæri fólkvangsins og jarðvangsins.

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

6. Vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi

Lögð fram skýrsla um vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi 2013-2018 sem Sjálfbóðaliðasamtök í náttúruvernd hafa sinnt. Umræðu frestað.

Næstu fundir 6. feb, 20. mars, ferð í maí

Fundi slitið kl. 18:10

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

295. fundur

Föstudaginn 16. nóvember 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Björg Fenger (BF), Kristín Soffía Jónsdóttir (KSJ) varamaður í stjórn, Helga Ingólfssdóttir (HI), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Ásgeir Sveinsson (ÁS).

Fundinn sat einnig Ástríður Þórðardóttir (ÁP), sviðsstjóri fjármála og rekstur sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Árshlutareikningur 30.09.2018
2. Leiðakerfi
3. Persónuverndarstefna
4. Innra eftirlit
5. Vagnakaup – tafabætur
6. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Árshlutareikningur 30.09.2018

Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti níu mánaða uppgjör félagsins 30. september 2018. Árshlutauppgjörið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld fyrstu níu mánuði ársins er í takt við áætlun, en fjármagnsgjöld eru mun hærri en áætlað var. Skýrist það af 1.000 m.kr. lántöku til að dekkja framlag Strætó í Brú lífeyrissjóð en framlagið var mun hærra en áætlun gerði ráð fyrir.

Stjórn staðfesti árshlutauppgjör 30. september 2018 með undirskrift sinni.

2. Leiðakerfi

- a) Lilja Karlsdóttir, samgönguverkfræðingur kom á fundinn og kynnti tillögur Hafnarfjarðarbæjar um leiðakerfisbreytingar innan Hafnarfjarðar og áhrif þessara breytinga á önnur sveitarfélög.

Stjórn felur Strætó að skoða fyrirliggjandi tillögur að breytingum á innanbæjarleiðakerfi Hafnarfjarðar og á leið 21 og koma með tillögu að útfærslu og innleiðingu.

- b) Fyrir fundinum liggur minnisblað skipulagssviðs þar sem farið er yfir fyrirhugaðar breytingar á leið 14 samhliða lokun gömlu Hringbrautar. Jafnframt liggur fyrir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs frá 9. nóvember sl. á fyrirhuguðum breytingum.

Stjórn samþykkir breytingar á leið 14 í samræmi við fyrirliggjandi tillögur sem koma fram í minnisblaði skipulagssviðs dagsett 24. október 2018. Gert er ráð fyrir að breytingarnar taki gildi í byrjun árs 2019.

- c) Fyrir fundinum liggur minnisblað skipulagssviðs er varðar færslu á leið 3 af Hverfisgötu yfir á Sæbraut, dagsett 24. október 2018. Með því að færa leiðina af Hverfisgötu yfir á Sæbraut myndast betri tenging við Hörpu og sérakrein sem búið er að útbúa þar, ásamt því að létta á álaginu á Hverfisgötu. Í dag aka sex leiðir Hverfisgötuna og fjölgar þeim í sjö eftir breytingu á leið 14 en engin leið ekur Sæbrautina í dag.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögu, gert er ráð fyrir að breytingar á leið 3 taki gildi samhliða breytingu á leið 14.

3. Persónuverndarstefna

Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs Strætó fór yfir fyrirliggjandi drög að persónuverndarstefnu Strætó.

Stjórn samþykkti framlagða stefnu með þeim breytingartillögum sem komu fram á fundinum.

4. Innra eftirlit

Sviðsstjóri fjármála og rekstrar fór yfir stöðuna á verkefnum sem farið var í til að bregðast við athugasemdum innri endurskoðandi frá því 13. apríl sl.

5. Vagnakaup - tafabætur

Sviðsstjóri fjármála og rekstrar kynnti tillögu Strætó af uppgjöri á tafabótum vegna örútbóðs II, III og IV., tillagan var samþykkt af stjórn.

6. Önnur mál

- a) Erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, tenging leiðarkerfis Vesturbæjar/Seltjarnarnes við Grandann í Reykjavík, dagsett. 25. október 2018.
Stjórn felur Strætó að koma með tillögum að lausn.
- b) Erindi frá forstöðumanni Hins Hússins í Reykjavík, ósk um betri þjónustu við Rafstöðvarveg í Reykjavík í tengslum við flutning á starfsemi Hins hússins úr miðbænum að Rafstöðvarvegi 7 og 9 í febrúar 2019, dagsett 9. nóvember 2018.

Fyrir fundinum liggur minnisblað skipulagssviðs Strætó, dagsett 14. nóvember 2018, þar sem fram kemur að erfitt verði að gera breytingar á leiðakerfinu en mælst er til að að nýttar verði þær stoppistöðvar sem eru til staðar í dag. Einnig er mælst til að leiðakerfið og þeir möguleikar sem eru í boði séu vel kynntir fyrir starfsfólki og gestum Hins Hússins og að tryggt verði að gönguleiðir að stoppistöðvum séu vel upplýstar og öruggar.

Stjórn tekur undir tillögu skipulagssviðs Strætó og óskar eftir að minnisblaðið verði sent á umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar til upplýsingar.

Fundi slitið: kl. 13:00

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur 30. september 2018
- Kynning á árshlutareikning 30. september 2018, dagsett 16.11.2018
- Hafnarfjörður, leiðakerfisbreytingar kynning dags. 16.11.2018
- Minnisblað – Breytingar á leið 14 samhliða lokun Gömlu Hringbrautar, dags 02.10.2018
- Minnisblað – Færsla leiðar 3 af Hverfisgötu yfir á Sæbraut, dags 24.10.2018
- Persónuverndarstefna Strætó nov2018
- Erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, dags. 25.10.2018
- 18.11.14 Varðandi strætósamgöngur að Rafstöðvarveg 7 og 9 – Hitt húsið
- 2018-11-09 Tillaga að breytingum á leið 14- umsögn SABO

Björg Fengler

Kristín Soffía Jónsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir



STJÓRN SSH 463. fundur

Mánudaginn 5. nóvember 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Rósa Guðbjartsdóttir.

Fjarverandi: Karl M. Kristjánsson.

Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málefni skíðasvæðanna /málsnr. 1501005

Ómar Einarsson forstöðumaður ÍTR, Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Gunnlaugur Bragi Björnsson formaður samstarfsnefndar um rekstur skíðasvæðanna og Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri Kópavogsbæjar sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

- a) Rekstrar- og framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2019.
Fulltrúar skíðasvæðanna gerðu grein fyrir rekstrar- og framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2019. Samkvæmt ákvæði í samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna er stjórn SSH jafnframt eigendavettvangur skíðasvæðanna og þarf sem slík að fjalla um tillöguna.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti framlagaða tillögu að rekstrar- og framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2019.

- b) Uppbygging skíðasvæðanna – undirbúningur framkvæmda og umhverfismat.
Farið var yfir stöðu máls. Óskað hefur verið eftir afstöðu Skipulagsstofnunar um þörf á umhverfismati og upplýst um framkomnar athugasemdir frá umsagnagaðilum.

Umræður

Niðurstaða:

Verkefnahópur vegna uppbyggingar skíðasvæðanna mun leita til sérfræðings í vinnslu umhverfismats vegna frekari vinnslu málsins og mótunar viðbragða þegar afstaða Skipulagsstofnunar liggur fyrir.

2. Sameiginleg ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002

Reynir Kristinsson ráðgjafi frá NOR ehf. sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

RK fór yfir niðurstöður úr greiningu NOR ehf. og tillögur um fyrirkomulag samstarfs sveitarfélaganna um rekstur ferðaþjónustunnar og leiðir til hagræðingar í rekstri.

Í meginatriðum fela tillögur NOR ehf eftirfarandi í sér:

- a) Sveitarfélögin reki áfram sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.
- b) Allur akstur vegna ferðaþjónustunnar verði áfram boðinn út, en með breyttu fyrirkomulagi í ljósi fyrirbyggjandi reynslu.



- c) Kostnaðarskipting sveitarfélaganna taki framvegis mið af fjölda ekinna ferða og tengist breyttu fyrirkomulagi greiðslu til verktaka sbr. b) lið
- d) Strætó bs. verði áfram falið að annast daglegan rekstur ferðaþjónustunnar, en gerðar verði nauðsynlegar breytingar á samstarfssamningi sveitarfélaganna, þjónustulýsingu og sameiginlegum reglum ferðaþjónustunnar, sem og breyting á daglegri stjórn verkefnisins.

Umræður

Niðurstaða.

Stjórn SSH telur að með ofangreindum tillögum séu komnar forsendur fyrir ákvarðanatöku sveitarfélaganna um framhald máls og samþykkir að tillögur NOR ehf. verði sendar aðildarsveitarfélögunum til umfjöllunar og efnislegrar afgreiðslu. Vakin er athygli á tímaáætlun vegna nauðsynlegs undirbúnings og útboðs gerir ráð fyrir að afstaða sveitarfélaganna liggja fyrir eigi síðar en um nk. áramót.

Dagur B. Eggertsson óskaði bókað að fara þurfi yfir útreikninga á kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna vegna núverandi reksturs ferðaþjónustunnar og ganga úr skugga um hvort sú skipting sé í samræmi við samkomulag frá árinu 2015.

3. Aðalfundur SSH 2018

- a) Tillaga að dagskrá fundarins
Fyrir lá tillaga að dagskrá fundarins.

Umræður

Niðurstaða:

Formaður og framkvæmdastjóri móta dagskrána áfram í ljósi umræðna.

- b) Fjárhagsáætlun SSH 2019 og tillaga að árgjaldi aðildarsveitarfélaganna 2019.
Fyrir fundinum lá tillaga framkvæmdastjóra að fjárhagsáætlun SSH sem m.a. byggist á því að árgjald aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2019 verði 70 krónur á hvern íbúa.

Stjórn SSH samþykkti áætlunina.

4. Skýrsla samráðshóps velferðarsviða

Skýrslan lögð fram.

5. Erindi bæjarstjóra Seltjarnarness vegna vinnumansals og erlends starfsfólks

Framkvæmdastjóra falið að kanna mögulega aðkomu SSH að máli.

6. Önnur mál.

- a) Erindi frá borgarráði – tillaga um skipun vagnsstjóra í stjórn Strætó bs. /málsnr. 1810001
Stjórn SSH telur að ekki sé hægt að verða við tillögunni að óbreyttum stofnsamningi og eigendastefnu byggðasamlagsins.
- b) Erindi frá eignarhaldsfélaginu Speli hf. og Speli ehf. þar sem tilkynnt er um uppgjör til hluthafa vegna slita félags /málsnr. 1809004

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50



STJÓRN SSH 464. fundur

Mánudaginn 26. nóvember 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Karl M. Kristjánsson.
Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Nýr formaður stjórnar, Rósa Guðbjartsdóttir setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1811004

Farið var yfir tillögur verkefnahóps SRN, SSH og Vegagerðarinnar um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu sem skipaður var í kjölfar viljayfirlýsingar aðila 21. september sl. Þorsteinn R. Hermannson samgöngustjóri Reykjavíkurborgar og fulltrúi SSH í verkefnahópnum fór yfir einstaka þætti máls.

Umræður

Niðurstaða:

Tillögur verkefnahópsins verða kynntar samhlíða ríkisstjórn og kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu, og birtar opinberlega að þeim kynningum loknum. SSH hefur boðað til fundar með kjörnum fulltrúum föstudaginn 30. nóvember nk.

2. Höfuðborgarstefna /málsnr. 1709002

Framkvæmdastjóri upplýsti um að boðað hafi verið til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti til undirbúnings að mótun höfuðborgarsstefnu í samræmi við ákvæði í byggðaáætlun.

3. Starfsmannamál /málsnr. 1811005

Fyrir lá bréf framkvæmdastjóra SSH dags. 16. nóvember þar sem hann segir starfi sínu lausu í samræmi við 10. grein ráðningarsamnings.

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa og taka saman gögn vegna ráðningarferlis á nýjum framkvæmdastjóra og leggja fyrir næsta stjóranrfund 3. desember.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:40



Fundargerð

86. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 9. nóvember 2018 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Kópavogsbær:

Bergljót Kristinsdóttir

Helga Hauksdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Bjarney Grendal Jóhannesdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Mosfellsbær:

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson

Eypór Laxdal Arnalds, Ásgeir Sveinsson Harpa Þorsteinsdóttir og Þorleifur Örn Gunnarsson boðuðu forföll.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. Aðalskipulag Reykjavíkur: Múlar-Suðurlandsbraut /málsnr. 1710008

Vinnslutillaga sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Með breytingunni er verið að stuðla að sambærileg ákvæði gildi um íbúðarhúsnæði á öllum miðsvæðum sem leyfa íbúðir í aðalskipulaginu. Sú skilgreining sem nú er í gildi má túlka sem svo að ávallt skuli gera grein fyrir íbúðaruppbyggingunni í deiliskipulagi eða breyttu deiliskipulagi á umræddum svæðum við Múla og Suðurlandsbraut. Til að gæta samræmis er lagt til að viðkomandi ákvæði í skilgreiningu fyrir M2c-M2g verði felld út. Tilgangur breytingartillögunnar er að greiða fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á skilgreindum miðsvæðum, auka þannig blöndun byggðar og greiða fyrir fjölgun íbúða á húsnæðismarkaði.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við tillögudrögin enda breyting í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins.

2. Aðalskipulag Reykjavíkur: Sundahöfn /málsnr. 1806001
Vinnslutillaga sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Breytingin er tilkomin vegna áforma Faxaflóahafna um að stækka hafnarsvæðið í Sundahöfn með landfyllingum á tveimur stöðum og styrkja hlutverk hafnarinnar sem flutningahöfn með fjölþætt hlutverk. Annars vegar er um að ræða lítilsháttar stækkun á áður ráðgerðum landfyllingum við Skarfabakka-Kleppsbakka, sem nemur um 2 ha. til að hægt sé að taka á móti stærri flutningaskipun en áður. Hins vegar er ráðgert að stækka hafnarsvæðið á nýrri landfyllingu við Klettagarða um 2,5 - 3 ha. þannig að rými skapist fyrir sameiginlega starfsstöðvar Faxaflóahafna og viðlegu fyrri dráttarbáta. Í báðum tilvikum er um að ræða stækkun hafnarsvæðis út frá áður gerðum landfyllingum og því verður náttúrulegri strandlengju ekki raskað né gengið á skilgreind verndarsvæði.

Í svæðisskipulaginu kemur fram að Sundahöfn sé megin vöruflutningahöfn höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Hún er megingátt vöruflutninga til og frá Íslandi og hefur mikilvægt hlutverk í vörudreifingu fyrir höfuðborgarsvæðið allt.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við tillögudrögin enda breyting í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins.

3. Aðalskipulag Hafnarfjarðar: Suðurhöfn /málsnr. 1811001
Auglýst tillaga sbr. 31. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Með aðalskipulagsbreytingunni hyggst Hafnarfjarðarbær breyta gildandi skipulagsákvæðum um Suðurhöfn hafnarsvæði þannig að þau verði ítarlegi. Eftir breytingu má gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem tengjast sjávarútvegi, sjávariðnaði og rannsóknum tengdri slíkri starfsemi. Breytingin er gerð í kjölfar þess að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi úr gildi byggingarleyfi fyrir aðsetur Hafrannsóknarstofnunar. Grundvöllur úrskurðarins er að núgildandi ákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar sé ekki skýr hvað varðar að skrifstofu- og þjónustubyggingar sem tengjast sjávarútvegi geti talist til hafnsækkinnar starfsemi.

Hafnarfjarðarhöfn er ein af stærstu höfnum landsins og gegnir stóru hlutverki sem flutninga- og fiskiskipahöfn. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins setur fram þá stefnu að tryggja verður að sjávarútvegur geti þróast áfram sem grunnatvinnugrein með því að festa í sessi hlutverk fiskihafna og ýta undir nýsköpun sem tengist greininni.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd tekur undir með Hafnarfjarðarbæ að aðsetur Hafrannsóknarstofnunar telist undir hafnsækna starfsemi. Nefndin telur að breytingin sé í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins enda verði í deiliskipulagi tryggt að fiskvinnsla- og önnur hafnsækkin starfsemi hafi nægt landrými við helstu fiskihafnir.

4. Aðalskipulag Hafnarfjarðar: Hamraneslína 1 og 2 / málsnr. 1811002
Auglýst tillaga sbr. 31. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Með aðalskipulagsbreytingunni hyggst Hafnarfjarðarbær breyta gildandi aðalskipulagsupprætti

Þannig að unnt verði að færa Hamraneslínur 1 og 2 fjær byggð á um 1,5 km kafla við Skarðshlíð. Núverandi línur, sem eiga að víkja sbr. svæðis- og aðalskipulag, liggja yfir byggðina í Skarðshlíð og eru í mikilli nálægð við hluta að byggðinni í Vallahverfi.

Til hefur staðið að leggja nýja háspennulínu, Lyklafellslínu 1, fjær byggð á höfuðborgarsvæðinu. Sú lína á að leysa af hólmi Hamraneslínur 1 og 2 frá tengivirki við Geitháls að Hamranestengivirki. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi úr gildi framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu 1 í mars 2018. Sá úrskurður frestar því að hægt verði að leggja niður Hamraneslínur 1 og 2.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við vinnslutillöguna þó svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins geri ráð fyrir að Hamraneslínur 1 og 2 séu víkjandi. Breytingin er til bráðabirgða og ætlað að brúa tímabundið bil þar til Lyklafellslína 1 leysi Hamraneslínur að hólmi.

5. Sameiginlegt landupplýsingakerfi á höfuðborgarsvæðinu

Sameiginlegur gagnagrunnur um landupplýsingar er eitt lykilverkfæri í umsjón og framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Árið 2006 gerðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu með sér samkomulag um gagnagrunn svæðisskipulags. Samkomulagið gekk út á að LUKR myndi annast gagnavörslu en öll sveitarfélög væru skuldbundin að skila inn gögnum á samræmdu formi. Illa gekk að framfylgja samkomulaginu og þær tilraunir sem gerðar hafa verið á síðari árum til að endurvekja það runnið út í sandinn.

Gott aðgengi að samræmdum landupplýsingagögnum skiptir mjög miklu máli í öllum þeim verkefnum sem liggja þvert á sveitarfélagamörk. Dæmi um slík verkefni eru vegagerð, uppbygging hjólastíga, Borgarlína, þróun græna trefilsins og framfylgd með sameiginlegri vatnsvernd svo eitthvað sé nefnt. Því er mikilvægt að greina hvað stendur í vegi fyrir að umrætt samkomulag nái fram að ganga og hvort hægt sé að yfirstiga þær hindranir.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd leggur til að SSH rýni hvaða hindranir séu fyrir sameiginlegum gagnagrunni um landupplýsingar á höfuðborgarsvæðinu og metið verði hvort hægt sé að virkja samkomulag sveitarfélagana frá 2006 um sameiginlegt landupplýsingakerfi eða hvort aðrar leiðir að markmiðinu séu skynsamlegri.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00

Bæjarstjórn 06.12.2018

Afgreiðsla gjaldskráa

Gjaldskrá leikskóla

Gjaldskrá fyrir tómstundaheimili

Gjaldskrá bókasafns

Gjaldskrá sundlauga

Gjaldskrá fráveitu

Gjaldskrá sorphirðu

Gjaldskrá taðþróargjalds

Gjaldskrá vatnsveitu

GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA

Gildir frá 1. janúar 2019

1. Gjald fyrir leikskólavist er kr. 2.012 á mánuði fyrir hverja hálfu klukkustund á rekstrardegi skóla.
2. Lágmarksdvöl miðast við fjórar klukkustundir á dag.
Gjald fyrir hádegisverð er kr. 7.805 á mánuði.
3. Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af leikskólagjaldi en greiða fullt verð fyrir fæði.
Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:
Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.
Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.
Allt nám sem er láns hæft er hjá LÍN telst gilt nám.
4. Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn á leikskóla, í tómstundaheimili eða hjá dagforeldrum, fá 50% afslátt af gjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% afslátt af gjaldi fyrir hvert barn umfram tvö, en greiða fullt verð fyrir fæði. Systkinaafsláttur gildir alltaf fyrir eldra/elsta barn óháð fjárhæðum. Sækja þarf um systkinaafslátt á sérstöku eyðublaði sem finna má á vefsíðu Garðabæjar.
5. Foreldrar geta sótt um tímabundinn afslátt af gjaldskrá vegna náms annars foreldris eða beggja og vegna atvinnuleysis á þar til gerðu eyðublaði og skal umsókninni fylgja vottorð um atvinnuleysi. Ákvæði þetta skal gilda tímabundið frá 1. janúar [2019] til ársloka.
6. Gjald umfram 8 tíma skal vera kr. 4.025 fyrir hverja hálfu klukkustund og skal það vera óháð systkinaafslætti.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
6. desember 2018
Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari*

Garðabær innheimtir 650 kr. foreldragjald mánaðarlega með leikskólagjöldum fyrir foreldrafélög leikskólanna. Gjaldið er innheimt að beiðni foreldrafélags og fært á viðskiptareikning foreldrafélagsins hjá bænum. Ráðstöfun er í höndum stjórnar foreldrafélaga í samráði við leikskólastjóra. Foreldragjald er frjálst framlag sem foreldrum er ekki skylt að greiða.

GJALDSKRÁ FYRIR TÓMSTUNDAHEIMILI

Garðabær starfrækir tómstundaheimili við Flataskóla, Hofstaðaskóla, Sjálandskóla og Álftanesskóla.

Í tómstundaheimilum skólanna gefst nemendum skólanna kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi

Gjald fyrir dægurvöl í tómstundaheimili skal miðast við eftirfarandi sjö flokka.

1- 10 klst./mán.	kr. 3.570
11-20 klst./mán.	kr. 7.140
21-30 klst./mán.	kr. 10.710
31-40 klst./mán.	kr. 14.280
41-50 klst./mán.	kr. 17.850
51-60 klst./mán.	kr. 21.420
61-70 klst./mán.	kr. 24.990
71-80 klst./mán.	kr. 28.560

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, í tómstundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir barn umfram tvö.

Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af gjaldi.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er láns hæft er hjá LÍN telst gilt nám

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar 2019.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
6. desember 2018*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Úr gjaldskrá vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á tómstundarheimilum grunnskólanna kr. 150 fyrir síðdegishressingu.

Gjaldskrá Bókasafns Garðabæjar
Gildir frá 1. janúar 2019

Árgjald skírteina er 1.980 kr

Börn og unglíngar undir 18 ára aldri, öryrkjar og ellilífeyrisþegar *greiða ekki árgjald*
Ef skírteinið glatast þurfa allir að greiða fyrir nýtt. Fullorðnir kr. 600 og börn kr. 300

Sektir: (á einnig við um gjaldfrítt efni)

Bækur, tímarit, hljóðbækur, tónlistardiskar og tungumálanámskeið **30 kr.** á dag
DVD diskar **200 kr** á dag

Ljósritun og prentun:

A4 blað 40 kr.

A3 blað 50 kr.

Annað:

Frátektargjald hvert eintak **200 kr.**

Plastpokar **45 kr.**

Taupokar 410 kr.

Skönnun 55 kr.

Ef útláns gagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar

6. desember 2018

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Gjaldskrá að sundlauga Garðabæjar frá 1. janúar 2019

Börn 17 ára og yngri, 67 ára og eldri og öryrkjar fá gjaldfrían aðgang að sundlaugum Garðabæjar

Sundlaugarnar Ásgarði og Álftanesi

Börn á aldrinum 11-17 ára

Stakt gjald sund (og þrek*)	- kr.
10 miða kort**	- kr.
30 miða kort**	- kr.
Árskort í þreksal (Ásgarði) og sund 16-17 ára	- kr.
* Börn yngri en 16 ára fá ekki aðgang að þreksal nema í fylgd íþróttakennara	

Fullorðnir á aldrinum 18-66 ára

	verð
Stakt gjald í sund	700 kr.
10 miða kort**	4.400 kr.
30 miðar **	9.000 kr.
Árskort í sund (og þreksal Ásgarði)	36.000 kr.
Stakt skipti í gufubað Ásgarði	-
10 miðar í gufu**	-

Ýmis þjónusta

Sundföt eða handklæði	550 kr.
Hvert kaffiglas - með ábót	100 kr.
** Garðakort - rafræn CTS kort	800 kr.
** Stofngjald afsláttarkorta er 800 kr. En þau má nýta áfram til endurhleðslu	

Varðandi aðra þætti gjaldskyldu

- Börn 0-17 ára eru ekki gjaldskyld, miðað er við daginn sem þau verða 18 ára.
- Gjaldskylda fellur niður við 67 ára aldur og miðast við afmælisdag, framvísa verður persónuskilríkjum og **kaupa rafrænt aðgangskort**.
- Öryrkjar eru ekki gjaldskyldir gegn framvísun skírteinis sem gefið er út af Sjálfsbjörgu, félagi fatlaðra í Reykjavík, sem skal endurnýjað árlega.
- Skírteini Tryggingastofnunar ríkisins "grænt skírteini" vegna varanlegrar örorku eða "gult skírteini" vegna tímabundinnar örorku og skírteini Blindrafélags "blátt skírteini".
- Allir sem fá "frían" aðgang þurfa að nota rafræn **Garðakort**

Varðandi eldri kort

- Öll klippikort gilda áfram þar til þau eru upp urin!
- Afsláttarmiðar eru aðeins seldir inná rafræn CTS kort

Útleiga á íþróttasölum

Greiða skal fyrirfram fyrir afnot nema um fasta samninga sé að ræða

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum húseignum í Garðabæ skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 15. gr. samþykktar um fráveitu í Garðabæ.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,10% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinna skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Í þeim tilvikum sem Garðabær nýtir heimild samkvæmt 14. gr. samþykktar um fráveitu sveitarfélagsins til að innheimta stofngjald skal það nema kr. 225.000. Gjaldið skal breytast í janúar ár hvert m.v. byggingarvísitölu og skal grunnvísitala vera byggingarvísitala í desember 2017, 136,1 stig.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Garðabæjar þann 6. desember 2018, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005, staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2019. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu nr. 1205/2017

Garðabæ, 6. desember 2018

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir. Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorp, ásamt kostnaðarhlutdeildar við rekstur endurvinnslustöðva.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 28.000 á hverja íbúð á árinu 2019.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannalegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1206/2017.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
6. desember 2018*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

GJALDSKRÁ
fyrir vatnsgjald, notkunargjald og heimæðargjald
hjá Vatnsveitu Garðabæjar

1. gr.
Vatnsgjald

Af öllum fasteignum í Garðabæ sem tengdar eru Vatnsveitu Garðabæjar, skal greiða vatnsgjald árlega til Garðabæjar, nema sérstaklega sé um annað samið.

Stofn til álagningar vatnsgjalds

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,095% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

3. gr.
Gjalddagar

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.
Notkunargjald

Notkunargjald er 27,10 kr/m³ miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2018 141,6 stig og breytist árlega til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

5. gr.
Heimæðargjald

Til að standa straum að kostnaði vatnsveitu við lagningu heimæðar frá dreifiað í stofnkрана hús og uppsetningu hans skulu fasteignareigendur greiða heimæðargjald til bæjarsjóðs Garðabæjar samkvæmt gjaldskrá þessari. Um heimæðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

6. gr.
Grunnur heimæðargjalda og lágmarksgjald.

Fjárhæð heimæðargjalds miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar við lóðamörk að tengistað mannvirkis (inntaksstað). Ennfremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af vatnsveitunni.

I Íbúðarhús

A) einbýli, par- og raðhús

- 32 mm heimtaug grunnjald 238.974 kr/íbúð
- Viðbótargjald fyrir heimæð >30 m 5.772 kr/m heimæðar (umfram 30 m)

B) fjölbýli (án sprinklerskerfis)

- 40 mm heimtaug grunnjald 281.222 kr/heimtaug

7. gr.

Greiðsluskilmálar og breyting á fjárhæð gjaldsins.

Heimæðargjald fellur í gjalddaga er vatnsveitan hefur samþykkt beiðni fasteignareiganda um lagningu heimæðar og skal það greitt áður en framkvæmdir eru hafnar við lagningu heimæðar. Gjaldið getur þó fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

Heimæðargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í desember 2018 141,6 stig. og endurreiknast miðað við breytingar á byggingarvísitölu á 6 mánaða fresti (í janúar og júlí).

8. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda og lóðarréttarhafa og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjöldin eru tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði. Notkunargjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum má taka fjárnámi.

9. gr.

Gildistaka gjaldskrár

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga til að öðlast gildi 1. janúar 2019. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1173/2013.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar

6. desember 2018

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Gjaldskrá
um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu
við Kjóavelli í Garðabæ

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 303.100,- á hvert hús á árinu 2019.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt fyrir hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar nr. 958/2008 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1207/2017.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
6. desember 2018

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari

Efni: Tillaga um álagningu fasteignagjalda árið 2019

1. Fasteignagjöld

Fasteignaskattur skal vera 0,19% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og jarðeigna, sbr. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Fasteignaskattur skal vera 1,63% af öðrum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. c-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Leigugjald á íbúðarhúsalóðum Garðabæjar skal vera 0,4% af fasteignamati lóðar og er þá ekki nýtt að fullu heimild bæjarins sem er 1,0%, samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Leigugjald á atvinnuhúsalóðum Garðabæjar skal vera 1,0% af fasteignamati lóðar, samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Vatnsgjald skal vera 0,095% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. heimild í reglugerð um vatnsveitur.

Aukavatnsskattur skal á árinu 2019 vera 27,10 kr/tonn m.v. BVT í des 2018.

Á Álftanesi skal vatnsgjald vera samkvæmt gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur sem innheimtir vatnsgjald samkvæmt samningi.

Holræsa- og rotþróargjöld skulu vera 0,10% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005.

Á Álftanesi skal rotþróargjald vera kr. kr. 29.600.

Sorphreinsgjald skal vera kr. 28.000 á hverja íbúð [sjá gjaldskrá].

Taðþróargjöld í hesthúsahverfi Andvara skulu vera kr. 303.100 á hvert hús. [sjá gjaldskrá].

Fasteignaskattur og holræsagjald sem tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða skal lækka að teknu tilliti til viðmiðunartekna. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að ákvarða viðmiðunartekjur samkvæmt reglum um lækkun fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2019 verða 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl 15. maí, 15. júní, 15. júlí 15. ágúst. 15. september og 15. október

Breytingar við framlagða fjárhagsáætlun

Jöfnunarsjóður - útgjaldajöfnunarframlag	85.000.000	
Jöfnunarsjóður - grunnskólaframlag	19.000.000	
Jöfnunarsjóður - vegna sjárþarfa fatlaðra	-16.000.000	
Jöfnunarsjóður - málefni fatlaðra	-9.000.000	79.000.000
Staðgreiðsla	-100.000.000	-100.000.000
Lækkun fasteignaskatts íbúarhúsnæði 0,19%	38.000.000	
Lækkun fasteignaskatts atvinnuhúsnæði 1,63%	10.000.000	48.000.000
Urriðaholtsskóli	-30.000.000	-30.000.000
Gasgerðarstöð framlag GB 2019	14.120.000	
Skólavísir	-15.000.000	
Ýmislegt bæjarstjóri/fjármálastjóri	-16.650.000	
Hagræðingarkrafa sviðsstjórar	-50.000.000	
Sorpgjald (24.450 í 28.000)	-20.000.000	-101.650.000
Samtals A- sjóður	-90.530.000	
Samþykktar óskir		
Aukning sálfræðings 20%	2.600.000	
Talmeinafræðingur 30%	3.300.000	
Hækkun til dagforeldra	1.000.000	
Tómstundaheimili	7.000.000	
Hátíðarhöld 17. júní	1.500.000	
Samningur við Gagarín	2.500.000	
Skráningakerfi leikskóla , One system	2.000.000	
Jafnlaunavottun tímabundið starf í 6 mán.	7.500.000	
Afreksmannastyrkur	2.500.000	
Styrkir til æslulýðs- og unglingastarfs	500.000	
Deiliskipulag	10.000.000	
Samtals	40.400.000	
Samtals rekstarafgangur A - sjóðs skv. frumvarpi	-141.935.000	
Samtals breytingar	-50.130.000	
Samtals rekstarafgangur A - sjóðs eftir breytingar	-192.065.000	
Breytingar á B sjóði		
Vatnsskattur 0,095%	19.000.000	
Holræsagjald 0,10%	43.000.000	62.000.000
Samtals A og B sjóður	-572.248.000	